

ÁLITSGERÐ NEFNDAR UM TÓNLISTARHÚS

5. JÚNÍ 1997

EFNISYFIRLIT

1. Skipun nefndar um tónlistarhús	1
1.1 Nefnd um tónlistarhús	1
1.2 Verkefni nefndarinnar	1
1.3 Fundir nefndarinnar	1
1.4 Aðgerðir nefndarinnar.....	1
1.5 Niðurstöður nefndarinnar.....	2
1.5.1 Á að ráðast í byggingu tónlistarhúss?	2
1.5.2 Hvaða starfsemi á að fara fram í tónlistarhúsinu?	3
1.5.3 Hvernig á tónlistarhúsið að vera í meginráttum?	5
1.5.4 Hvar á tónlistarhúsið að rísa?.....	6
1.5.5 Hverjir eiga að fjármagna tónlistarhúsið?	6
1.5.6 Hvernig á að haga rekstri tónlistarhússins?	7
2. Á að ráðast í byggingu tónlistarhúss?	8
2.1 Stutt yfirlit yfir þróun tónlistarlífs á Íslandi.....	8
2.2 Saga tónlistarhúss á Íslandi.....	10
2.3 Tónlistariðkendur.....	11
2.4 Tónleikahald og tónleikasókn	12
2.5 Aðstaða til tónleikahalds og tónlistarflutnings	14
2.6 Listahátíð í Reykjavík	17
2.7 Tónlistarhús í nágrennalöndunum.	19
2.7.1 Fyrirkomulag og gerð	20
2.7.2 Starfsemi sem fram fer í húsunum	22
2.7.3 Nýting.....	23
2.7.4 Fjármögnun.....	24
2.8 Áætlun um nýtingu tónlistarhúss í Reykjavík	25
2.9 Niðurstöður.....	27
3. Hvaða starfsemi á að fara fram í tónlistarhúsinu ?	30
3.1 Almennt um sjónarmið viðmælenda	30
3.2 Sinfóníuhljómsveit Íslands	31
3.3 Íslenska óperan	32

3.4 Tónleikahald.....	33
3.5 Starfsemi sem krefst leiksviðs	33
3.6 Ráðstefnuhald	34
3.6.1 Ráðstefnumiðstöð í Reykjavík	34
3.6.2 Tenging tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar	35
3.6.3 Tenging tónlistarhúss við Hótel Sögu	36
3.6.4 Tenging tónlistarhúss við Perluna	36
3.7 Önnur starfsemi sem tengd er tónlist.....	37
3.8 Þjónustustarfsemi.....	37
3.9 Niðurstöður.....	37
4. Hvernig á tónlistarhúsið að vera í megindráttum?	40
4.1 Þarfir Sinfóníuhljómsveitar Íslands	40
4.2 Þarfir annarrar tónlistarstarfsemi	43
4.3 Hljómburður.....	44
4.4 Þarfagreining vegna ráðstefnuhalds	44
4.5 Niðurstöður.....	44
5. Hvar á tónlistarhúsið að rísa ?	46
5.1 Staðsetning í Laugardal.....	46
5.2 Staðsetning í miðborginni	46
5.3 Staðsetning hjá Hótel Sögu	46
5.4 Staðsetning í Öskjuhlíð.....	48
5.5. Staðsetning við Kringlutorg.....	50
5.6 Niðurstöður.....	50
Yfirlitsmynd	51
6. Hverjir eiga að fjármagna tónlistarhúsið ?	52
6.1. Frumáætlun um kostnað	52
6.1.1 Kostnaðaráætlun.....	52
6.1.2 Kostnaðarskipting.....	53
6.2 Tónlistarhús byggt eitt og sér	54
6.2.1 Hlutdeild Sinfóníuhljómsveitar og annarrar tónlistarstarfsemi	54
6.2.2 Hugmynd 1.....	55

6.2.3 Hugmynd 2.....	55
6.2.4 Hugmynd 3.....	55
6.2.5 Samantekt á hugmyndum 1, 2 og 3	56
6.3 Tónlistarhús tengt ráðstefnuaðstöðu	56
6.3.1 Hlutdeild einstakra þátta í starfseminni.....	57
6.3.2 Hugmynd 4.....	58
6.3.3 Hugmynd 5.....	58
6.3.4 Hugmynd 6.....	58
6.3.5 Samantekt á hugmyndum 4, 5 og 6	59
6.4 Niðurstöður.....	59
7. Hvernig á að haga rekstri tónlistarhússins?	61
7.1 Rekstrarskilyrði.....	61
7.1.1 Starfsemi í tónlistarhúsi.....	61
7.1.2 Tekjugrundvöllur	61
7.1.3 Útgjöld.....	62
7.1.4 Rekstraráætlun	62
7.2 Rekstrarform	63
7.2.1 Stofnað verði sérstakt rekstrarfélag.....	63
7.2.2 Rekstur verði falinn tilteknum notenda	63
7.2.3 Rekstur verði boðinn út	63
7.3 Niðurstöður.....	63

1. Skipun nefndar um tónlistarhús

1.1 Nefnd um tónlistarhús

Í febrúar 1996 skipaði menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, nefnd um málefni tónlistarhúss. Í nefndinni áttu sæti Stefán P. Eggertsson, verkfræðingur, formaður, tilnefndur af Samtökum um tónlistarhús, Jón Björnsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor, og Pálmi Gíslason, útibústjóri, skipuð án tilnefningar. Nefndin hóf þegar störf og var ákveðið að framkvæmdastjóri Samtaka um tónlistarhús, Sigurgeir Sigmundsson viðskiptafræðingur, yrði starfsmaður nefndarinnar og að samtökin myndu aðstoða nefndina eins og mögulegt væri.

1.2 Verkefni nefndarinnar

Verkefni nefndarinnar var að kanna og leggja fram álitssgerð um eftirfarandi:

1. Hvort ráðast eigi í að reisa tónlistarhús.
2. Hvaða starfsemi eigi að fara fram í slíku húsi.
3. Hvernig húsið eigi að vera í meginráttum.
4. Hvar húsið eigi að rísa.
5. Hverjir eigi að fjármagna húsið.
6. Hvernig eigi að haga rekstri tónlistarhússins?

1.3 Fundir nefndarinnar

Nefndin hefur haldið 48 fundi. Fulltrúar tónlistarlífsins á Íslandi hafa komið á fund nefndarinnar og hún hefur haldið vinnufundi þar sem fjallað hefur verið um þær upplýsingar sem safnast hafa. Einnig hefur nefndin heimsótt Háskólabíó og skoðað aðstöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Gamla bíó, þar sem aðstaða Íslensku óperunnar var skoðuð.

1.4 Aðgerðir nefndarinnar

1. Gerð var þarfagreining á Sinfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu við vinnuhóp innan hljómsveitarinnar. Farið var yfir núverandi aðstöðu og gerð áætlun um nauðsynlegar salarstærðir, æfinga- og geymsluaðstöðu, kaffi- og hvíldaraðstöðu, aðstöðu fyrir skrifstofuhald og tónleikagesti.
2. Tónleikahald ársins 1995 var kannað í samvinnu við Tónlistarráð Íslands. Skráðir voru allir tónleikar sem auglýstir voru í Morgunblaðinu árið 1995.
3. Könnun var gerð á erlendum tónlistarhúsum. Sendir voru spurningalistar til valinna tónlistarhúsa á Norðurlöndunum.
4. Gerðar voru áætlanir um kostnað vegna byggingar tónlistarhúss.
5. Gerð var áætlun um rekstur tónlistarhúss.

1.5 Niðurstöður nefndarinnar

Nefndin er einhuga um að ráðast eigi í byggingu tónlistarhúss. Nefndin telur að tónlistarhúsið eigi fyrst og fremst að vera til tónleikahalds og þar eigi Sinfóníuhljómsveit Íslands að hafa aðsetur. Þá telur nefndin að tenging tónlistarhúss við ráðstefnaaðstöðu sé mjög áhugaverð.

Það er skoðun nefndarinnar að tveir hljómleikasalir eigi að vera í húsinu, stór salur fyrir 1.200 - 1.300 manns og lítill salur fyrir 300 - 400 manns.

Nefndin áætlar að kostnaður tónlistarhússins verði að lágmarki 1.550 m.kr. Nefndin leggur fram nokkrar hugmyndir að fjármögnun og er þar gert ráð fyrir að fjármögnun hvíli að langmestu leyti á ríki og Reykjavíkurborg.

Það er skoðun nefndarinnar að ríki og Reykjavíkurborg eigi að kanna hagkvæmni eftirtalinna þriggja kosta um staðsetningu og gerð tónlistarhúss:

- Tónlistarhús í Öskjuhlíð, tengt Perlunni, samkvæmt hugmynd Reykjavíkurborgar.
- Tónlistarhús tengt Hóтели Sögu, samkvæmt hugmynd hótelsins.
- Tónlistarhús byggt eitt og sér í Laugardal, þar sem Reykjavíkurborg lagði Samtökum um tónlistarhús til lóð.

Í hagkvæmisathugun þarf að leggja mat á kosti og galla hugmyndanna, stofnkostnað og fjármögnunarmöguleika, sem og rekstrarskilyrði.

1.5.1 Á að ráðast í byggingu tónlistarhúss?

Nefndin er á einu máli um að ráðast eigi í að byggja tónlistarhús.

Helstu rök fyrir þessari niðurstöðu nefndarinnar eru:

Tónlistarlíf í landinu er afar blómlegt

Samkvæmt könnun Tónlistarráðs frá 1991 iðka um 26.600 manns tónlist, eða um 10% þjóðarinnar. Er þá átt við þá sem stunda tónlist reglulega, þ.e. tónlistarskólanema, félagar í kórum og hljómsveitum svo og einleikara og einsöngvara.

Miklar listrænar kröfur eru gerðar til starfandi tónlistarfólks, sem hefur sýnt það og sannað að það standi jafnfætis starfssystkinum sínum erlendis. Tónlistarmenn sem hér starfa og þeir fjölmörgu afburða listamenn sem heimsækja landið, hafa með starfi sínu byggt upp tónlistarlíf sem þolir alþjóðlegan samanburð hvað varðar listræn gæði.

Könnun á tónleikahaldi, sem nefndin gekkst fyrir, sýnir að fjöldi tónleika á landinu er með ólíkindum. Árið 1995 voru haldnir 1385 opinberir tónleikar á landinu öllu, þar af 846 á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin hefur áætlað fjölda tónleikagesta og telur að á höfuðborgarsvæðinu hafi þeir árið 1995 verið um 180.000. Þetta þýðir að tónleikagestir hafa verið ámóta margir og samanlagður fjöldi þeirra sem sótti sýningar Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins. Er þó áhugi á leiklist og aðsókn að leikhúsum mikil.

Erlend reynsla sýnir að tilkoma tónlistarhúsa hefur allsstaðar aukið tónleikasókn. Nefndin telur að aukin þátttaka almennings í menningarlífi sé eftirsóknarverð og þessi áhrif tónleikahússins því mikilvæg.

Aðstaða til tónleikahalds og tónlistarflutnings er slæm

Í landinu er enginn salur sérstaklega hannaður fyrir lifandi tónlist. Í einhverjum tilvikum hafa salir verið endurbættir eftir á, til að bæta hljómburð þeirra. Það kann að vera að við hönnun annarra hafi eitthvað tillit verið tekið til tónlistarflutnings.

Fjölmennari tónleikar hafa einkum verið í Háskólabíói og þar heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands flesta tónleika sína. Þar hefur hljómsveitin haft aðsetur í rúma þrjá áratugi. Það er öllum ljóst, sem húsnæðið skoða, að aðstaða hljóðfæraleikara er afar bágborin og fjarri því sem listafólki við aðrar menningarstofnanir þjóðarinnar eða starfsmönnum á opinberum vinnustöðum er boðið upp á. Það er leikmönnum hinsvegar ekki jafn augljóst hversu slæmur hljómburður er í bíósalnum fyrir sinfóníuhljómsveit. Um þann þátt geta best dæmt alþjóðlegir listamenn sem víða hafa farið og skal hér látið nægja að vitna til orða Vladimir Ashkenazy í viðtali í Morgunblaðinu 1. júlí 1995. Þar segir hann um Háskólabíó *“Þetta er kvikmyndahús. Ég hef spilað í hundruðum slíkra um dagana og hljómburðurinn í þeim öllum er hræðilegur. Þess vegna fjölgar tónleikahúsum svo ört í heiminum”*.

Nefndin telur að það sé ekki raunhæfur kostur að breyta Háskólabíói í gott tónleikahús sem rúmi um 1.000 áheyrendur líkt og húsið gerir nú.

Sinfóníuhljómsveit Íslands vantar aðsetur

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur starfað í tæp 50 ár og er hin eina af grónum menningarstofnunum þjóðarinnar, sem ekki er búin sómasamleg aðstaða.

Listræn staða Sinfóníuhljómsveitar Íslands er með þeim hætti að hljómsveitarinnar verður ekki notið til fulls með þeim hljómburði sem Háskólabíó býður upp á. Í raun hafa þeir einir notið hljómsveitarinnar til fulls sem hafa heyrt hana leika í hljómleikaferðum erlendis.

Nefndin telur að það sé afar brýnt menningarlegt viðfangsefni að koma upp aðsetri fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Vel hefur verið búið að öðrum listgreinum en tónlist

Leiklist og myndlist hefur verið búin sómasamleg aðstaða í Þjóðleikhúsi, Borgarleikhúsi, Listasafni Íslands og á Kjarvalsstöðum. Þá er lokið byggingu Þjóðarbókhöllu.

Reykjavíkurborg áformar á næstu árum að koma upp myndlistarsafni og nýju aðalsafni Borgarbókasafns.

Nefndin telur að tónlistarhús eigi að vera næsta stórverkefni á sviði menningarmála.

Ísland stendur langt að baki nágrannalöndunum hvað varðar aðstöðu til tónlistarflutnings

Á síðustu tveimur áratugum hafa fjölmörg hús, sérhönnuð til tónlistarflutnings verið byggð á hinum Norðurlöndunum. Mörg þessara húsa hafa álíka fjölmenn þjónustusvæði og tónlistarhús í Reykjavík hefði. Athyglisvert er að t.d. í Finnlandi hafa fjölmörg tónlistarhús risið í fámennari borgum en Reykjavík.

1.5.2 Hvaða starfsemi á að fara fram í tónlistarhúsinu?

Það er skoðun nefndarinnar að tónlistarhús eigi að uppfylla þarfir sem flestra þannig að starfsemi í húsinu verði sem blómlegust.

Þegar fjallað er um starfsemi í húsinu og þær kröfur sem húsið á að uppfylla, telur nefndin að mestu hljóti að ráða sjónarmið þeirra sem standa að tónlistarstarfinu, ýmist að eigin frumkvæði eða á vegum opinberra aðila.

Megin sjónarmið nefndarinnar varðandi starfsemi í húsinu eru sem hér segir:

Tónlistarhúsið verði aðsetur Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Nefndin er sammála þeim fjölmörgu fulltrúum íslensks tónlistarlífs sem á fund hennar hafa komið, um að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að eiga aðsetur í húsinu. Starf hljómsveitarinnar myndi kjarna þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Gera má ráð fyrir að hljómsveitin muni, þegar fram líða stundir halda um 55 tónleika árlega í húsinu, þar af 15 skólatónleika, og heildarfjöldi gesta verði um 50.000 á ári.

Tónlistarhúsið verði til afnota fyrir allar tegundir tónleika, jafnt klassíska sem dægurtónleika

Til að uppfylla þarfir sem flestra þurfa að vera a.m.k. tveir salir í húsinu, stór salur og lítill salur. Nefndin áætlað að fjöldi tónleika og tónleikagesta á ári verði sem hér segir:

Tafla 18. Áætlaður fjöldi tónleika og tónleikagesta.

	Fjöldi tónleika	Fjöldi gesta
Stór salur	134	117.000
Lítill salur	168	41.000
Alls	302	158.000

Tónlistarhúsið verði ekki byggt með leiksviðsaðstöðu

Það er sjónarmið nefndarinnar að Íslenska óperan hafi með öflugu starfi í 17 ár fest sig í sessi í forystu um óperuflutning á Íslandi. Nefndin telur því að taka beri fullt tillit til sjónarmiða hennar ef tónlistarhús yrði gert til óperuflutnings, enda yrði húsið þá væntanlega heimili Íslensku óperunnar.

Með þetta í huga telur nefndin ekki rétt að gera tillögu að því að tónlistarhúsið verði byggt með leiksviðsaðstöðu m.a. af eftirtöldum ástæðum:

- Íslenska óperan, sem hefur forystu um óperuflutning á Íslandi, telur að stóri salur tónlistarhússins með 1.200 - 1.300 sæti yrði alltof stór fyrir íslenskar aðstæður.
- Kostnaðarauki af leiksviðsaðstöðu yrði að lágmarki um 450 m.kr. Þeim fjármunum yrði ekki vel varið ef aðstaðan hentar ekki þörfum þess aðila sem helst stendur að óperuflutningi.

Hætta er á því að hljómburður fyrir símfóníska tónlist verði lakari þegar tónleikasalir eru byggðir með leiksviðsaðstöðu. Fullkomin sviðsaðstaða með turni og gryfju gerir hljóðtæknilega hönnun tónleikasalarins mun flóknari og erfiðara verður að tryggja að frábær hljómburður fyrir tónlistarflutning fái. Nefndin sér því ekki ástæðu til að stofna þannig besta fánlega hljómburði í tónlistarhúsi í hættu, þar sem ekki er knýjandi þörf á slíkri aðstöðu.

Tónlistarhúsið á að vera til afnota fyrir ráðstefnur og fundi og tenging tónlistarhúss við ráðstefnaaðstöðu er mjög áhugaverð

Tónlistarhúsið gæti orðið góður stuðningur við ráðstefnuhald á höfuðborgarsvæðinu þegar um fjölmennar ráðstefnur og fundi væri að ræða. Ráðstefnu- og fundahald verður hinsvegar ekki umtalsvert í húsinu nema það tengist ráðstefnaaðstöðu. Samstarf tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar leiðir ekki aðeins til sparnaðar í fjárfestingu heldur hefur það einnig í för með sér rekstrarlegan ávinning.

Nefndinni hafa verið kynntar hugmyndir um að tengja tónlistarhús við uppbyggingu á ráðstefnaaðstöðu Hótel Sögu. Þá hefur Reykjavíkurborg lagt fram hugmynd um að tengja tónlistarhús við Perluna og ráðstefnaaðstöðu, sem þar yrði gerð. Nefndin telur að slík tenging geti aukið nýtingu á stóra sal hússins um 50 daga á ári og litla salnum um 100 daga á ári.

Hugmyndir Hótel Sögu byggja á því að tónlistarhúsið verði á milli hótelsins og Suðurgötu. Sú lóð er í eigu Háskóla Íslands og það er að sjálfsgöðu forsenda fyrir hugmyndinni að ásættanleg lausn finnist fyrir háskólann.

Það er skoðun nefndarinnar að hugmyndir Reykjavíkurborgar og Hótel Sögu um tengingu tónlistarhúss við ráðstefnaaðstöðu séu afar áhugaverðar.

Önnur starfsemi í tónlistarhúsinu á að ráðast af rekstrarlegum og fjárhagslegum forsendum

Nefndin telur að uppbygging aðstöðu fyrir þjónustustarfsemi á borð við verslanir og veitingastað sé algerlega háð því hvort þeir sem slíka starfsemi reka, sjái sér hag í að fjárfesta í húsnæði innan tónlistarhúss eða tengdu því.

1.5.3 Hvernig á tónlistarhúsið að vera í meginráttum?

Það er skoðun nefndarinnar að hönnun hússins eigi að uppfylla eftirtaldar kröfur.

Tveir hljómleikasalir eiga að vera í tónlistarhúsinu, stór salur fyrir 1.200 - 1.300 manns og lítill salur fyrir 300 - 400 manns.

Tilkoma tónlistarhúss mun auka aðsókn að tónleikum hér, eins og gerst hefur annarsstaðar. Með hliðsjón af aðsókn að tónleikum Símfóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói þykir nefndinni eðlilegt að stóri salur tónlistarhússins rúmi 20 - 30% fleiri áheyrendur en Háskólabíói. Stærð salar hefur fjárhagslega þýðingu fyrir tónleikahald, t.d. þegar um erlenda listamenn er að ræða. Eðlilegt er að nýr salur rúmi fleiri gesti en þeir salir sem fyrir eru, m.a. vegna aðstöðu til ráðstefnu- og fundahalda.

Árið 1995 voru haldnir á höfuðborgarsvæðinu rúmlega 600 tónleikar sem færri en 400 gestir sóttu. Enda þótt sérhannaður 300 manna tónleikasalur verði gerður í Kópavogi er full þörf á öðrum slíkum í tónlistarhúsinu. Litli salurinn þarf að þjóna almennri tónlistarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu og einnig þarf þar að vera æfingaaðstaða fyrir Sinfóníuhljómsveitina þegar stóri salurinn er í annarri notkun.

Hljómburður í tónlistarhúsinu á að vera eins og hann gerist bestur og hljómburður í stóra salnum á að miðast við sinfóníska tónlist.

Nefndin telur mikilvægt að hljóðtæknilegar forsendur ráði hönnun salanna frá upphafi. Með því móti næst bestur árangur með minnstum tilkostnaði.

Tónlistarhúsið yrði heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þarf að ætla henni aðstöðu í samræmi við þarfagreiningu.

Nefndin telur þarfagreiningu, sem unnin var í samráði við vinnuhóp hljómsveitarinnar, eðlilegan grundvöll að hönnun tónlistarhússins. Áætlað er að það rými sem hljómsveitin þurfi til einkaafnota verði 1.100 - 1.200 m² að flatarmáli.

Tónlistarhúsið þarf að uppfylla þarfir þeirra fjölmörgu aðila sem standa fyrir tónleikahaldi á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin telur að með tveimur söllum, 1.200 - 1.300 manna og 300 - 400 manna, og þeirri aðstöðu baksviðs sem lýst er í þarfagreiningu vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar verði vel séð fyrir þörfum almennrar tónlistarstarfsemi.

Báðir salir tónlistarhússins þurfa að hafa aðstöðu og búnað til ráðstefnuhalds.

1.5.4 Hvar á tónlistarhúsið að rísa?

Það er skoðun nefndarinnar að bæði hugmynd Reykjavíkurborgar um staðsetningu í Öskjuhlíð og hugmynd Hótel Sögu um staðsetningu við Suðurgötu komi til álita. Nefndin telur að kanna eigi hagkvæmni beggja hugmyndanna, leggja mat á kosti þeirra og galla, stofnkostnað og fjármögnunarmöguleika sem og rekstrarskilyrði.

Nefndin sér enga þá annmarka á hugmynd Reykjavíkurborgar um tónlistarhús í Öskjuhlíð, að ekki sé unnt að fullnægja þeim kröfum sem geri eigi til tónlistarhúss.

Nefndin telur að kanna beri til hlítar hvort unnt sé að staðsetja tónlistarhúsið við Hótel Sögu. Ræða þarf við Háskóla Íslands um möguleika á lóð og kanna þarf möguleika til að koma fyrir bílastæðum.

Ef tenging tónlistarhúss við Perluna eða Hótel Sögu reynist ekki góður kostur þá telur nefndin að heppilegast sé að reisa húsið í Laugardal þar sem Reykjavíkurborg hefur lagt Samtökum um tónlistarhús til lóð.

1.5.5 Hverjir eiga að fjármagna tónlistarhúsið?

Til að uppfylla þær kröfur sem grein er gerð fyrir í kafla 4 er talið að tónlistarhúsið þurfi að vera 8.000 - 8.500 m² að stærð. Heildarkostnaður tónlistarhússins er að lágmarki áætlaður 1.550 m.kr.

Þegar stærð og kostnaður tónlistarhússins er áætlaður er m.a. tekið mið af hugmyndum sem fram koma í hönnun Guðmundar Jónssonar arkitekts með uppráttum frá 1988 en það verk var unnið fyrir Samtök um tónlistarhús.

Nefndin leggur fram nokkrar hugmyndir, sem byggja á því að fjármögnun tónlistarhússins taki mið af áætlaðri nýtingu þess. Hlutdeild einstakra þátta í starfseminni er áætluð sem hér segir:

Tafla 36 Kostnaðarskipting

	Tónlistarhús eitt og sér m.kr.	Tónlistarhús tengt ráðstefnumiðstöð m.kr.
Sinfóníuhljómsveitin	1.000	724
Almenn tónlistarstarfsemi	550	509
Ráðstefnuhluti	-	317
Alls	1.550	1.550

Í hugmyndum þessum er gert ráð fyrir að fjármögnun tónlistarhússins hvíli að langmestu leyti á ríki og Reykjavíkurborg.

Samkvæmt hugmyndum nefndarinnar yrði hlutur ríkisins á bilinu 48 - 52% en hlutur Reykjavíkurborgar 36 - 48% ef tónlistarhúsið yrði byggt eitt og sér. Þátttaka ráðstefnumiðstöðvar gæti lækkað hlut ríkis og Reykjavíkurborgar umtalsvert.

1.5.6 Hvernig á að haga rekstri tónlistarhússins?

Ekki er grundvöllur fyrir því að tónlistarhúsið standi undir fjármagnsgjöldum.

Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart þegar tekið er mið af tónlistarhúsum í nágrennalöndunum. Þau eru að jafnaði fjármögnuð af sveitarfélögum og ríki og standa ekki með beinum hætti undir fjármagnsgjöldum.

Áætlanir benda til þess að tónlistarhús tengt ráðstefnuaðstöðu geti skilað nokkrum hagnaði án afskrifta og fjármagnsgjalda. Tap yrði hinsvegar 15,7 m.kr. eða rúmlega 20% af rekstrargjöldum á ári ef tónlistarhús yrði byggt eitt og sér og nyti aðeins óverulegra tekna frá ráðstefnu- og fundahaldi.

Rekstrarkostnaður tónlistarhúss er áætlaður um 75 m.kr. á ári. Ef tónlistarhús er byggt eitt og sér eru rekstrartekjur áætlaðar um 60 m.kr. en 76 m.kr. ef húsið yrði tengt ráðstefnumiðstöð. Nýting hússins til ráðstefnu og fundahalda er því afar mikilvæg fyrir reksturinn.

Nefndin telur það álitlegan kost að bjóða út rekstur hússins.

Í útboði þarf að tryggja hagsmuni væntanlegra notenda ekki síst Sinfóníuhljómsveitarinnar. Notendur hljóta að koma sterklega til álita sem tilboðsgjafar.

2. **Á að ráðast í byggingu tónlistarhúss?**

Nefndinni er ætlað að svara þeirri spurningu hvort ráðast eigi í að reisa tónlistarhús.

Til að svara spurningunni verður í eftirfarandi kafla fjallað um þróun og stöðu tónlistarlífsins, hvernig tónleikahaldi er háttað, hvernig tónleikar eru sóttir, hversu almenn tónlistariðkun er orðin og hvaða aðstaða er nú til tónleikahalds á höfuðborgarsvæðinu.

Í þessum kafla verður einnig gerð grein fyrir nokkrum tónlistarhúsum í nágrennalöndunum, hvernig fyrirkomulag þeirra er og hvaða starfsemi fer þar fram.

Þá verður gerð áætlun um nýtingu tónlistarhúss af tiltekinni gerð og hún borin saman við nýtingu erlendra húsa.

Í lok kaflans er leitast við að svara spurningunni með rökstuddum hætti.

2.1 **Stutt yfirlit yfir þróun tónlistarlífs á Íslandi**

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær fyrstu opinberu tónleikarnir voru haldnir á Íslandi. Allt fram á seinni hluta 19. aldar var tónlist aðeins iðkuð hérlendis í heimahúsum og við guðþjónustur. Opinberlega var tónlist helst flutt með öðru efni eða sem hluti af annarri blandaðri dagskrá svo sem ljóðalestri eða leiksýningum og helst það allt fram á þessa öld. Helstu hljóðfæraleikararnir voru heimasætur og húsfreyjur á heldrimannaheimilum, en um faglærða hljóðfæraleikara var ekki að ræða.

Ákveðin þáttaskil áttu sér stað á þjóðhátíðarárinu 1874. Til hátíðarinnar komu erlend herskip og með þeim lúðrasveitir sem léku fyrir almenning undir berum himni. Mörgum var þetta mikil upplifun því fæstir höfðu áður heyrt eða kynnst hljóðfæraslætti. Í kjölfarið fylgdi mikill áhugi á tónlist og söng og 1875 gaf Jónas Helgason, stjórnandi karlakórsins Hörpu, út fyrsta nótnaheftið hérlendis. Fleiri nótnahefti fylgdu á eftir og tóku landsmenn þeim fagnandi og varð útbreiðsla þeirra mjög mikil. Fyrsta lúðrasveitin var síðan stofnuð 1876.

Eftir 1920 fjölgaði lærðum íslenskum tónlistarmönnum smám saman, en Páll Ísólffsson og Emil Thoroddsen voru þeir fyrstu sem komu heim til starfa eftir nám erlendis. Tónleikar voru haldnir m.a. í Bárunni, sem stóð við Tjörnina og í Gúttó, sem stóð þar sem nú eru bílastæði alþingismanna. Einnig voru kirkjutónleikar tíðir. Bæði var um íslenska listamenn að ræða og fyrir kom að erlendir tónlistarmenn kæmu í heimsókn. Einnig var þó nokkuð um það að lúðrasveitir og kórar héldu tónleika undir berum himni, einkum yfir sumartímam, og setti það skemmtilegan svip á bæjarlífið.

Á veitingahúsunum, sem fór smáfjölgandi, réðu hins vegar ríkjum erlendir tónlistarmenn framan af tuttugustu öldinni og var það ein meginástæðan fyrir stofnun Félags íslenskra hljóðfæraleikara (seinna Félag íslenskra hljómlistarmanna) sem átti að vernda og styrkja hag íslenskra hljóðfæraleikara. Jákvæð áhrif hinna erlendu tónlistarmanna voru hins vegar mikil og ílentust margir þeirra hér og fengu íslenskt ríkisfang. Mörkuðu sumir þeirra, t.d. Carl Billich og Fritz Weisshappel, djúp spor í tónlistarlíf landsmanna. Íslenskir hljóðfæraleikarar lærðu ýmislegt af þeim, kynntust nýjum straumum og stefnum í tónlistinni og smám saman tókst þeim að tileinka sér kunnáttu og færni til þess að geta verið samkeppnishæfir.

Samfara hraðri uppbyggingu eftirstriðsáranna jókst framboð og eftirspurn eftir tónlist. Fjölmargir Íslendingar komu heim úr tónlistarnámi og tóku þeir verulegan þátt í að móta uppbyggingu tónlistarlífs landsmanna eins og það

er í dag. Fyrstur var Páll Ísólfsson, en á eftir fylgdu Jón Leifs, Jón Þórarinsson, Björn Ólafsson og fleiri. Fjölmargir tónlistaraðdáendur áttu einnig mikinn þátt í að fjármagna og skipuleggja uppbyggingu tónlistarstarfseminnar og var Ragnar í Smára þar fremstur meðal jafningja. Á veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu fór fram blómleg tónlistarstarfsemi. Sérstaklega varð mikil aukning á áhuga almennings á dægurtónlist eftir að jazzinn haslaði sér völl með heimkomu Kristjáns Kristjánssonar og Svavars Gests frá Bandaríkjunum 1950, og svo aftur tíu árum seinna þegar bítlamenning á Íslandi hófst í Keflavík.

Árið 1939 hélt Tónlistarfélagið stærstu tónleika sína til þess tíma í Bílaskála Steindórs við Selsvör. Helstu tónleikahúsin um og eftir miðja öldina voru hins vegar Gamla bíó, Nýja bíó, Trípólí bíó, Austurbæjarbíó, Þjóðleikhúsið og Háskólabíó. Trípólí bíó var gamall hermannabraggi sem var í eigu Tónlistarfélagssins. Auk þess voru tónleikar haldnir í kirkjum eins og áður. Eftir að Laugardalshöllin kom til sögunnar hafa stærstu tónleikarnir verið haldnir þar, sérstaklega þegar um heimsþekkta listamenn er að ræða.

Áhugamenn um tónlist gerðu sér snemma ljóst að skilyrði þess að hér væri hægt að koma upp hljómsveit var aukin menntun hljóðfæraleikara. Af þessum ástæðum beittu þeir sér fyrir stofnun tónlistarskóla árið 1930. Til kennslustarfa réðust m.a. erlendir menn sem margir urðu íslenskir þegnar og áhrifaríkir í uppbyggingu tónlistarlífs. Má þar nefna dr. Viktor Urbancic, dr. Heinz Edelstein, dr. Róbert A. Ottósson o.fl. Síðar voru einnig stofnaðir tónlistarskólar í stærri bæjum utan Reykjavíkur og árið 1963 setti Alþingi lög um fjárhagslegan stuðning ríkis við tónlistarskóla. Eftir það fjölgaði skólunum mjög og hafa áhrif þeirra orðið rík í þjóðfélaginu.

Þegar lagður var grundvöllur að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950, hafði Hljómsveit Reykjavíkur starfað öðru hverju allt frá árinu 1925, stundum undir öðrum nöfnum. Í upphafi hafði Sinfóníuhljómsveitin æfingaaðstöðu hjá Ríkisútvarpinu, en hélt tónleika sína ýmist í Þjóðleikhúsinu eða Austurbæjarbíói. Þegar hljómsveitin missti æfingaaðstöðuna hjá Ríkisútvarpinu fluttist hún í Gúttó, þar sem hún bjó við þröngan kost, þar til að hún fékk heimili í Háskólabíói í upphafi sjöunda áratugarins. Aðstaðan þar var stórt skref fram á við, en þegar hljómsveitinni óx fiskur um hrygg, komu annmarkar Háskólabíós sem tónlistarhúss sífellt betur í ljós. Þar sem húsið var fyrst og fremst hannað með kvikmyndasýningar í huga, er hljómburðurinn fyrir hljómsveitina slæmur og aðstaða fyrir hljóðfæraleikara afleit. Á sama tíma hafa nágrannalöndin byggt hús sem sérstaklega eru ætluð fyrir flutning á tónlist og er því ljóst að Íslendingar eru á eftir nágrannalöndunum hvað varðar aðstöðu fyrir tónlistarflutning.

Tónlistin hefur á undanförunum árum smám saman verið að auka hlut sinn í daglegu lífi landsmanna. Hún var lítið iðkuð af almenningi framan af öldinni, en nú er svo komið að tónlist er stunduð á einn eða annan hátt á flestum heimilum landsmanna. Framboð á hljóðfærum, sem og ódýru kennsluefni, hefur aukist gífurlega um leið og verð hefur farið lækkandi. Almennur hefur þannig möguleika á því að eignast og læra á hljóðfæri án verulegs tilkostnaðar. Fjölmíðlar, og þá sérstaklega útvarp, senda út dagskrá þar sem tónlist er um 60% af útsendingartíma. Í sjónvarpi er tónlist einnig í flestum dagskrárliðum sem bakgrunnur eða sem aðalatriði. Tónlist heyrir í verslunum, veitingahúsum, hárgreiðslustofum, leigubílum, vinnustöðum og á flestum stöðum þar sem fólk safnast saman. Hún þykir nú nauðsynlegur þáttur í umhverfi okkar.

Á undanförunum áratugum hefur útgáfa á tónlist aukist gífurlega. Sem dæmi má nefna að fjöldi útgefna titla var 50 árið 1975, en 200 árið 1995.

Samhliða mikilli aukningu í útgáfu á tónlist, hefur tónlistarmönnum sem starfa við gerð tónlistar fyrir auglýsingar og vegna annarrar kynningarstarfsemi fjölgað mikið. Mikill vöxtur varð á þessu sviði þegar ný lög Alþingis um rekstur útvarpsstöðva tóku gildi.

Áætlað er að árleg velta tónlistariðnaðarins sé 4-5 milljarðar og er þá talin með framleiðsla og sala á innlendri tónlist, sala á innfluttri tónlist, tónlistarskólar og einkakennsla, rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, dægurtónlistarmarkaður á veitingahúsum og félagsheimilum um land allt og sala á hljóðfærum og hljómtækjum til flutnings á tónlist. Ástæða þess að hér er um mat að ræða er sú að tónlist hefur hingað til verið skráð hjá Hagstofu Íslands með menningu og listum, þannig að erfitt hefur verið að henda reiður á raunverulegri veltu í “tónlistariðnaðnum”.

Mikil fjölgun starfandi tónlistarmanna og aukin samkeppni innan greinarinnar hefur leitt til þess að þær kröfur sem nú eru gerðar til tónlistarmanna eru mun meiri en áður þekktist. Um leið gera tónlistarunnendur og tónlistarmenn meiri kröfur til þess umhverfis sem tónlistinni er búið. Með aukinni tónlistariðkun hefur ásýnd hennar smám saman tekið breytingum og ber meiri merki listiðnaðar, þar sem listin skipar stóran sess samhliða markaðslögmálum og markmiðum iðnaðar.

2.2 Saga tónlistarhúss á Íslandi

Oft hefur verið haft á orði að Íslendingar þyrftu að eignast sérstakt tónlistarhús. Tónlistarfélagið í Reykjavík hafði það mál lengi á stefnuskrá sinni. Í heimilisblaðinu Vikunni frá 24. febrúar 1944, knúðu kennarar Tónlistarskólans í Reykjavík með Pál Ísólffsson í broddi fylkingar, á um nauðsyn þess að byggð yrði tónlistarhöll. Húsnæðishrak það sem Sinfóníuhljómsveit Íslands var í á árunum 1950-1960 ýtti enn frekar undir þá umræðu. Með stofnun Listahátíðar í Reykjavík 1970, var gripið til þess ráðs að halda fjölmenna tónleika með þekktu erlendu listafólki í Laugardalshöllinni, sem þá var nýbyggð.

Þá kom í ljós að “Höllin” hentaði illa sem tónlistarhús, því hljómburður og aðstaða fyrir hljóðfæraleikara og tónleikagesti var áberandi slæm. Kröfurnar um byggingu tónlistarhúss urðu því enn háværari. Einn ákafasti talsmaður tónlistarhúss í Reykjavík á þeim tíma og allar götur síðan var hinn þekkti píanóleikari og hljómsveitarstjóri Vladimir Ashkenazy.

Aðgerðarleysi í málefnum tónlistarhúss leiddi til þess að árið 1983 ákvað hópur fólks að stofna Samtök áhugamanna um byggingu tónlistarhúss. Fyrstu starfsár samtakanna var unnið að því að fjármagna og halda samkeppni milli arkitekta um teikningar af tónlistarhúsinu. Keppnin var haldin árið 1986 eftir þriggja ára undirbúningstíma og fjársöfnun. Sigurvegari hennar var Guðmundur Jónsson arkitekt og var hann fenginn til þess að fullvinna aðaluppdrætti. Var þeirri vinnu lokið árið 1988. Í samkeppninni var gert ráð fyrir að húsið yrði í Laugardalnum. Reykjavíkurborg úthlutaði samtökunum lóð á móts við hús Rafmagnsveitunnar við Suðurlandsbraut og felldi niður öll lóða- og gatnagerðargjöld vegna verkefnisins.

Árið 1992 komu samtökin fram með nýja hugmynd að tónlistarhúsi. Var gert ráð fyrir því að húsið yrði staðsett við Ingólfsgarð og sameinað yrði í einni byggingu tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð.

Ekki hefur enn verið hafist handa um byggingu tónlistarhúss. Stuðningur almennings við málefnið hefur haldist óbreyttur og á þeim 13 árum sem liðin eru frá stofnun Samtaka um tónlistarhús hafa þúsundir einstaklinga og fyrirtækja stutt málefnið með ýmiskonar gjöfum, styrkjum og fjárframlögum. Meginhluti tekna samtakanna koma frá styrktaraðilum og hafa að meðaltali

2000-3000 manns greitt árlega fasta upphæð í sjóði samtakanna. Samtökin hafa einnig staðið fyrir umfangsmiklum fjáröflunum sem þúsundir Íslendinga hafa tekið þátt í og gerst þannig félagsmenn í samtökunum í lengri eða skemmri tíma.

2.3 Tónlistariðkendum

Tónlistarbandalag Íslands (nú Tónlistaráð Íslands) gerði könnun árið 1991 á fjölda iðkenda á tónlist á Íslandi. Upplýsinga var aflað með þeim hætti að landinu var skipt niður í svæði og síðan var leitað til tónlistarfólks á hverju svæði fyrir sig, til að kanna og skila niðurstöðum um fjölda iðkenda. Könnunin tók til þeirra sem stunda tónlist reglulega, þ.e. tónlistarskólanema, kórfélaga, hljómsveita og annarra. Venjuleg tónmenntakennsla í grunnskólum var ekki talin með, enda hluti af námsskyldu. Undanskildir voru einnig þeir sem starfa við kennslu í heimahúsum, þeir sem starfa við framleiðslu og sölu á tónlist og þeir sem annast innflutning, sölu og viðhald á hljóðfærum. Í könnuninni var iðkendum tónlistar skipt niður í 4 flokka:

1. *Tónlistarskólar:* Þeir sem stunda nám við tónlistarskóla sem ekki er tengt skyldunámi í grunnskóla.
2. *Söngur:* Þeir sem fást við söng í hóp eða sem einsöngvarar.
3. *Hljómsveit:* Hugtakið hljómsveit nær yfir alla þá sem að stunda tónlist í hópum óháð tónlistarstefnum og fyrir utan þá sem taldir eru undir lið 2.

4. Annað

Í töflu 1 er sýnt hvernig ástundun tónlistar dreifðist milli landshluta og iðkenda flokka. Sýndur er fjöldi hópa og einstaklinga sem og hlutdeild iðkenda flokka á landsvísu miðað við fjölda einstaklinga.

Tafla 1. Tónlistariðkendum á Íslandi 1991

Landshlutar	Flokkar	Fjöldi hópa	Fjöldi einstakl.
Landið allt	Tónlistarskólar	102	11.287
	Söngur	392	10.437
	Hljómsveitir	403	3.924
	Annað	29	951
	Samtals	926	26.599
Reykjavík og nágr.	Tónlistarskólar	24	4.835
	Söngur	98	4.332
	Hljómsveitir	173	1.881

	Annað	3	208
	Samtals	298	11.256
Reykjanes	Tónlistarskólar	25	618
	Söngur	19	362
	Hljómsveitir	26	269
	Annað	3	45
	Samtals	73	1.294
Suðurland	Tónlistarskólar	6	990
	Söngur	63	1.099
	Hljómsveitir	32	325
	Annað	6	263
	Samtals	107	2.677
Vesturland	Tónlistarskólar	7	859
	Söngur	48	1.074
	Hljómsveitir	25	268
	Annað	6	93
	Samtals	86	2.294
Vestfirðir	Tónlistarskólar	10	660
	Söngur	23	479
	Hljómsveitir	19	111
	Annað	6	57
	Samtals	58	1.307
Norðurland	Tónlistarskólar	16	2.523
	Söngur	95	2.331
	Hljómsveitir	82	786
	Annað	2	185
	Samtals	195	5.825
Austurland	Tónlistarskólar	14	802
	Söngur	46	760
	Hljómsveitir	46	284
	Annað	3	100
	Samtals	109	1.946

Í könnuninni kom í ljós að 26.599 manns, eða 10 % þjóðarinnar, höfðu atvinnu af eða stunduðu tónlist. Um 42% þeirra sem stunda tónlist eru búsett á höfuðborgarsvæðinu. Ástundun tónlistar eftir landshlutum miðað við íbúafjölda virðist svipuð eða um 10%.

Þrátt fyrir að liðin séu 6 ár frá því að könnunin var gerð eru niðurstöður hennar enn marktækar. Áhugi almennings á tónlist hefur haldist og eðlilegt að ætla að þróun síðastliðinna áratuga sé óbreytt, þannig að iðkun tónlistar hafi aukist á undanförunum 5 árum.

2.4 Tónleikahald og tónleikasókn

Nefnd um tónlistarhús gekkst á árinu 1996 fyrir því að gerð yrði könnun á tónleikahaldi á Íslandi árið 1995. Könnunin var unnin af fulltrúum Tónlistarráðs Íslands og fór þannig fram að skráðir voru tónleikar, sem voru auglýstir með beinum hætti eða með fréttatilkynningum í Morgunblaðinu. Aðeins voru skráðir viðburðir sem auglýstir voru sem tónleikar og því eru

óperusýningar ekki taldar með. Ýmiskonar tónlistarskemmtanir, innanhúss og utan eru heldur ekki teknar inn í könnunina.

Fram kom í viðtölum við aðstandendur tónleika að einhver hluti tónleika á Íslandi er ekki auglýstur í Morgunblaðinu, s.s. nemendatónleikar og aðrir sérstakir staðbundnir tónleikar. Ljóst er að þær upplýsingar sem þar fást eru ekki tæmandi, en hins vegar ætti að fást góð heildarmynd af tónlistarlífi landsmanna. Tafla 2 sýnir dreifingu tónleikanna milli tónlistartegunda annarsvegar og landshluta hinsvegar.

Tafla 2. Tónleikahald á Íslandi 1995

Teg. tónleika	RVK	Nágr. RVK	Reykja-nes	S-land	V-land	Vest-firðir	N-land	A-land	Landið allt	Hlutdeild teg.
Kórar	118	41	15	40	9	4	63	9	299	21%
Söngur	71	21	6	15	12	4	69	4	202	15%
Nemendur	69	37	19	10	6	8	33	1	183	13%
Jazz	112	2		3	1	1	18	6	143	10%
Dægurtónlist	87	2	3	4	4		14	8	122	9%
Sinfóníuh. Ísl.	53	1	2	4	2		6	1	69	5%
Einleikarar	39	4	3	5	3	2	8	1	65	5%
Duo	19	10	8	4	3	1	13	6	64	5%
Blandað	27	6	4	2	1	1	10	7	58	4%
Orgel	35	2	1	6			4		48	3%
Kammertónlist	30	4		8			2		44	3%
Trio	20	5	4		4	1	2		36	3%
Quartett	8	2	2	5	3		1		21	2%
Lúðrasveitir	10	2	1	1	2		2	1	19	1%
Quintett	4	2	3						9	1%
Óskilgreint	3	0							3	0%
Samt	705	141	71	107	50	22	245	44	1385	100%
Hludt. landshl.	51%	10%	5%	8%	4%	2%	18%	3%	100%	
Mannfjöldi	104.258	54.325	15.634	20.755	14.161	9.015	36.879	12.779	267.806	
Hlutdeild mannfj.	39%	20%	6%	8%	5%	3%	14%	5%	100%	

Alls var efnt til 1385 tónleika á landinu árið 1995 og voru þeir flestir á fimmtudögum, laugardögum eða sunnudögum. Mest er af kórtónleikum eða 22%, aðrir söngtónleikar eru um 15% og nemendatónleikar um 13%. Jazz og dægurtónleikar telja samtals um 19%. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur um 5% tónleika. Af 1385 tónleikum sem haldnir voru á landinu öllu árið 1995, voru 846 í Reykjavík og nágrenni, þar af 705 í Reykjavík.

Almennt er hlutdeild landshluta í tónleikum mjög í takt við íbúafjölda. T.d. búa 59% landsmanna í Reykjavík og nágrenni og 61% tónleika eru á því svæði. Athygli vekur þó, að 51% hljómléika eru í Reykjavík, en þar búa 39% landsmanna, hins vegar eru aðeins 10% tónleika haldnir í nágrenni Reykjavíkur, þótt þar búi 20% landsmanna. Þetta bendir til þess að íbúar í nágrenni Reykjavíkur sækji tónleika í Reykjavík í talsverðum mæli.

Haft var samband við húsráðendur tónleikasala og upplýsinga aflað um sætaframboð og meðalmætingu á tónleika. Áætlað er að alls hafi komið 180.000 gestir á tónleika á höfuðborgarsvæðinu og hátt í 300.000 manns hafi sótt tónleika á landinu öllu árið 1995. Það jafngildir því að hver Íslendingur sækji að meðaltali eina tónleika á ári.

Árið 1995 var ekki haldin Listahátíð í Reykjavík, en gerð er sérstaklega grein fyrir hátíðinni 1996 í kafla 2.6.

2.5 Aðstaða til tónleikahalds og tónlistarflutnings

Þar sem ekki eru til sérstök hús fyrir tónleikahald og tónlistarflutning hefur tónleikahald dreifst milli húsa sem byggð eru undir annars konar starfsemi. Í könnun nefndar um tónlistarhús á tónleikahaldi 1995 kom fram hvernig dreifingin milli tegunda húsa var árið 1995, sjá töflu 3.

Tafla 3. Tónleikahald í Reykjavík 1995 flokkað eftir tegundum húsa

Tegund húsa	Fjöldi tónleika	Hlutdeild
Kirkjur og safnaðarheimili	228	32%
Veitingastaðir	214	30%
Félagsmiðstöðvar	93	13%
Listasöfn og söfn	42	6%
Kvikmyndahús	41	6%
Leikhús	40	6%
Íslenska óperan	24	4%
Skólar	21	3%
Vinnustaðir	2	
Samtals	705	100%

Flestir eru tónleikarnir í kirkjum og safnaðarheimilum, alls 228 eða 32%. Margir þessara tónleika eru kórtónleikar viðkomandi kirkjukórs, en einnig hafa áhugamannakórar eins og Skagfirska söngsveitin, Kvennakórinn, Karlakórinn Fóstbræður, o.fl., leitað í kirkjurnar, auk þess sem kammertónleikar fara oft fram í kirkjum. Í Hallgrímskirkju og Langholtskirkju fer fram tæplega helmingur af þeim tónleikum sem haldnir eru í kirkjum. Flestir orgeltónleikar fara fram í Hallgrímskirkju, en þar er einnig gróskumikil kórstarfsemi. Í Langholtskirkju er mikið kórstarf og voru haldnir þar 34 kórtónleikar árið 1995. Bæði Langholtskirkja og Hallgrímskirkja hafa mikinn eftirhljóm og er hann allt að 8 sekúndur í Hallgrímskirkju þegar hún er tóm, en 5 sekúndur í Langholtskirkju við sömu aðstæður. Þess vegna hafa tónlistarmenn sem vilja mikinn eftirhljóm kosið að halda tónleika sína í ofangreindum kirkjum.

Aðrar kirkjur í Reykjavík hafa minni eftirhljóm og er í þeim jafnari dreifing á tegundir tónleika. Vinsælar kirkjur til tónleikahalds eru Bústaðakirkja, en hún hefur mjög lítinn eftirhljóm og heldur Kammermúsíklúbburinn tónleika sína þar, Dómkirkjan, Fella- og Hólakirkja, en þar eru tveir salir og hefur annar þeirra mjög mikinn eftirhljóm, Kristskirkja, en þar er eftirhljómur mikill og kórstarf öflugt og Seltjarnarneskirkja, þar sem eftirhljómur er í meðallagi. Á undanförunum árum hafa stjórnendur kirknanna í sumum tilfellum reynt að draga úr tónleikahaldi, þar sem þeim hefur ekki fundist tónlistarstarfsemin aðlagast sem skyldi annarri starfsemi kirkjunnar. Einnig hafa tónlistarmenn verið óánægðir með kirkjurnar sem tónlistarhús, þar sem umhverfi kristindómsins hefur sett þeim ákveðnar takmarkanir í verkefnavali.

Um 30% tónleika eru haldnir á veitingastöðum. Þeir hafa aðallega verið vettvangur fyrir jazz og dægurtónleika. Hin síðari ár hafa flytjendur klassískrar tónlistar einnig þreifað fyrir sér á þeim vettvangi og hafa veitingastaðirnir Sólon Islandus og Kaffileikhúsið verið vinsælir meðal þeirra. Jazz og dægurtónlist sker sig á ákveðinn hátt frá öðrum tónlistarstefnum hvað varðar umgjörð tónleikahaldsins. Þó að einstaka tónlistarmenn innan

Þessa geira kjósi að halda tónleika sína í hefðbundnum húsakynnum, fer meginhluti jazz og dægurtónleika fram á veitingastöðum, þar sem flestir jazz og dægurtónlistarmenn vilja halda tónleika í húsum með lítinn eftirhljóm. Hátíðir eins og RÚREK laða að sér fleiri en hinn hefðbundna jazzhlustanda og eru haldnir allt að 40 tónleikar á RÚREK ár hvert. Margir þessara tónleika eru stórir í sniðum og eru þeir stærstu haldnir á Hótel Sögu, sem rúmar 500 manns í Súlnasal. Þau ár sem þekktir erlendir gestir hafa heimsótt hátíðina hafa stærstu tónleikarnir farið fram í Laugardalshöll eða Háskólabíói.

Félagsheimili af ýmsu tagi hafa verið vettvangur fyrir tónleikahald um land allt og eru um 10% tónleika haldnir á slíkum stöðum. Í Reykjavík og nágrenni halda félagsmiðstöðvar uppi öflugri starfsemi, einkum fyrir unga tónlistarunnendur, en fjölbreyttasta tónleikahaldið er í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Í Ráðhúsi Reykjavíkur eru haldnir allmargir tónleikar ár hvert.

Um 5% tónleika eru haldnir í listasöfnum. Þau hafa verið vettvangur minni tónleika, þar sem reiknað er með aðsókn á bilinu 100-200 manns. Stærstur hluti tónleika í listasöfnum eru einleikstónleikar, söngtónleikar, kammertónleikar, duó-, tríó-, quartett- og quintetttónleikar. Helsti kostirnir við að halda tónleika í listasöfnum eru hófleg leiga og tengsl við aðrar listgreinar. Flestir tónleikar á listasöfnum fara fram í listasafni Sigurjóns Ólafssonar og Listasafni Íslands. Önnur Listasöfn með tónleikahald eru Nýlistasafnið, Gerðarsafn, Kjarvalsstaðir og Þjóðminjasafn Íslands. Oftast er um að ræða klassíska tónleika, en undantekning er ef jazz- og dægurtónlistarmenn halda tónleika sína á söfnum.

Um 6% tónleika voru haldnir í kvikmyndahúsum. Framan af öldinni voru Gamla bíó og Nýja bíó með vinsælli tónleikahúsum landsins. Seinna bættist Austurbæjarbíó við og rak Tónlistarfélagið þar blómlega starfsemi, allt þar til húsráðendur tóku þá ákvörðun að leggja tónleikahald niður. Á sínum tíma var Háskólabíó glæsileg viðbót við tónleikaaðstöðu Reykvíkinga, sérstaklega þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands fékk þar fastan samastað. Háskólabíó hefur aldrei þótt gott tónleikahús þrátt fyrir að gerðar hafi verið ýmsar ráðstafanir til þess að bæta hljómburð og aðstöðu tónlistarmanna á sviði. Helsti munur á tónlistarhúsum og kvikmyndahúsum er sá, að í kvikmyndahúsum er leitast við að ná litlum eftirhljómi, en sú hönnun hentar illa fyrir flutning á órafmagnaðri tónlist. Þar af leiðandi hefur annað tónleikahald í Háskólabíói ætíð verið í lágmarki, eins og tölur ársins 1995 sýna, en það ár voru engir almennir tónleikar haldnir þar. Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt hins vegar 41 tónleika í Háskólabíói samkvæmt könnun Tónlistarráðs. Einir almennir tónleikar voru haldnir í Austurbæjarbíói. Undanfarna þrjá áratugi hafa tónleikar færst frá kvikmyndahúsunum í auknum mæli. Helstu ástæður þess eru:

- Leiga á kvikmyndahúsunum hefur verið há. Tónleikahaldarar forðast áhættu og leita annað.
- Undirbúningstími fyrir tónleika er af skorum skammti þar sem kvikmyndasýningar standa stöðugt yfir og kostnaðarsamt að greiða leigu fyrir undirbúningstíma.
- Meira framboð á hentugra og ódýrara húsnæði.

Leikhús hafa svipað vægi og kvikmyndahús og listasöfn í tónleikahaldi eða um 6%. Árið 1995 voru flestir tónleikar í leikhúsum haldnir í Borgarleikhúsinu og er áberandi mest um dægurtónleika og blandaðar dagskrár. Leikhúsin eiga það sammerkt, að eftirhljómur í þeim er lítill og þar af leiðandi eru þau ekki ákjósanleg til flutnings á klassískri tónlist. Það sem ennfremur hefur fælt tónlistarmenn frá því að halda tónleika í leikhúsunum er há leiga sem orsakar verulega fjárhagslega áhættu. Meirihluti tónleika í leikhúsum fer

fram þrjá síðustu mánuði ársins, þegar dægurtónlistarmenn halda kynningartónleika vegna útgáfu á geisladiskum.

Um 3% tónleika eru haldnir í Gamla bíói, húsi Íslensku óperunnar. Gamla bíó var eitt vinsælasta tónleikahús landsins framan af öldinni. Húsið þykir frábært til söngs, enda er stór hluti tónleika þar söngtónleikar, hvort sem um er að ræða söngnema eða útlærða. Einnig fer þar fram fjöldi einleiks- og einsöngstónleika. Þar sem húsið hefur ekki mjög mikinn eftirhljóm, fara einstaka dægurtónleikar þar fram, en þeir myndu örugglega vera fleiri ef leiga væri lægri.

Um 3% tónleika voru haldnir í skólum. Tónleikasalur Félags íslenskra hljómlistarmanna var best nýttur til tónleikahalds en hann hentar einnig vel fyrir minni hljómsveitir og litla kóra. Í öðrum skólum eru kórtónleikar algengastir.

Í könnun á tónleikahaldi 1995 kom fram að dreifing milli salarkynna til tónleikahalds er mjög mikil, en greinilegt er að sum hús njóta meiri vinsælda en önnur. Tafla 4 sýnir 30 vinsælustu húsin til tónleikahalds á höfuðborgarsvæðinu, fjölda tónleika, sætafjölda í húsinu á tónleikum, áætlaða meðalnýtingu salarins á tónleikum, áætlaðan heildarfjölda í tónleikum og hlutdeild af heildaraðsókn sem var 179.093.

Tafla 4. Stærð tónleikasala, fjöldi tónleika og nýting 1995 á höfuðborgarsvæðinu

Hús	Fjöldi tónleika	Sætafj. húss	Áætluð meðal-sætanýting	Áætlaður heildar-fjöldi á tónl.	Hlutdeild af 179.093
Hallgrímskirkja	52	800	50%	20.800	12%
Sólon Íslandus	45	70	60%	1.890	1%
Langholtskirkja	43	500	80%	17.200	10%
Háskólabíó	41	976	80%	32.012	18%
Norræna húsið	41	110	60%	2.706	2%
Kringlukráin	33	100	50%	1.650	1%
Jazzbarinn	27	100	50%	1.350	1%
Leikhúskjallarinn	26	300	60%	4.680	3%
Ísl. óperan	25	473	80%	9.580	5%
Hafnarborg	25	120	75%	2.250	1%
Borgarleikhúsið	23	523	50%	6014	3%
Listasafn Kópavogs	23	200	60%	2.760	2%
Fella og Hólakirkja	21	360	50%	3.780	2%
Listasafn Sigurjóns Ólafss.	21	100	70%	1.470	1%
Bústaðakirkja	20	315	60%	3.780	2%
Víðistaðakirkja	19	400	70%	5.320	3%
Ráðhús Reykjavíkur	19	200	70%	2.660	1%
Kristskirkja	18	300	60%	3.240	2%
Kaffileikhúsið	18	150	50%	1.350	1%
Gerðuberg	18	100	60%	1.080	1%
Digraneskirkja	15	315	75%	3.544	2%
Seltjarnarneskirkja	13	300	35%	1.365	1%
Listasafn Íslands	13	140	50%	910	1%
Dómkirkjan	11	500	60%	3.300	2%
Áskirkja	9	300	70%	1.890	1%
Kirkjuhvoll	9	200	60%	1.080	1%
Tónleikasalur F.Í.H.	9	200	50%	900	1%

Hótel Ísland	8	850	70%	4.760	3%
Seljakirkja	8	400	60%	1.920	1%
Kjarvalsstaðir	7	200	80%	1.120	1%
Alls í 30 söllum	653	313,6	59%	146.361	82%

Eins og sjá má í töflu 4, er Hallgrímskirkja það hús sem oftast er notað til tónleikahalds, en fast á hæla hennar koma Sólon Íslandus, Langholtskirkja, Háskólabíó og Norræna húsið. Þessi fimm vinsælustu hús eru mismunandi að gerð og stærð og má segja að í kirkjunum tveimur fari fram flestir af stærri tónleikum sem haldnir eru. Það sem helst skilur Hallgrímskirkju frá öðrum húsum er fjöldi orgeltónleika, en flestir orgeltónleikar sem haldnir eru, fara þar fram. Sólon Íslandus og Norræna húsið eru vettvangur fyrir tónleika, þar sem flytjendur eru fáir og ekki reiknað með aðsókn meiri en 150 manns. Tónleikahald í Háskólabíó er nánast alfarið á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þannig gegna þessi 5 hús hvert um sig mismunandi hlutverki í tónlistarlífi Reykjavíkur.

Alls eru 13 hús í stærðarflokknum 400-1000 áhorfendur, en flest húsín eru á bilinu 500-700. Tafla 5 sýnir hvernig tónleikahald dreifist á milli stærðarflokka á húsum og hversu margir tónleikagestir voru í hverjum stærðarflokk sala.

Tafla 5. Tónleikar 1995 flokkaðir á salarstærðir á höfuðborgarsvæðinu

Salarstærðir	Fjöldi sala	Fjöldi tónleika 1995	Fjöldi áhorfenda 1995
Salarstærð 400-1000	13 (14%)	216 (25%)	103.005 (57%)
Salarstærð 200-400	26 (29%)	212 (25%)	42.518 (24%)
Salarstærð 70-200	51 (57%)	418 (50%)	33.570 (19%)
Samtals	90	846	179.093

Á höfuðborgarsvæðinu eru 13 salir, eða 14%, með yfir 400 sæti. Þar voru 25% tónleika haldnir og sóttu þá 103.005 tónleikagestir, sem er u.þ.b. 57% af heildartónleikasókn á höfuðborgarsvæðinu. Helmingi fleiri salir voru notaðir fyrir tónleika af stærðargráðunni 200-400 og sóttu 42.518 manns, eða 24%, tónleikana á 212 tónleikum (25%). Litlir salir sem rúma 70-200 manns eru 51, eða 57%, og árlega sækja þá 33.570 manns (19%), en um helmingur tónleika er í litlum söllum. Stærð húsa ræður eðlilega úrslitum um fjölda gesta, t.d. er Sólon Íslandus með næst flesta tónleika á árinu 1995, en nær aðeins 1 % af tónleikagestum þess árs. Hallgrímskirkja, Langholtskirkja, Háskólabíó og Íslenska óperan eru með um 45% tónleikagesta ársins 1995, en önnur hús eru með á bilinu 1-3% þó svo að fjöldi tónleika sem þar fer fram sé oft hátt hlutfall af heildartónleikahaldi ársins 1995. Í þessari upptalningu eru sýningar Íslensku óperunnar ekki taldar með, aðeins útleiga Gamla bíós til tónleikahalds.

Ekki er merkjanlegur munur á sætanýtingu hvort sem um stóran eða lítinn sal er að ræða en áætluð meðalsætanýting er á bilinu 50-80%.

2.6 Listahátíð í Reykjavík

Stór þáttur í menningarstarfsemi Reykvíkinga og íslensku þjóðarinnar er Listahátíð í Reykjavík sem haldin er annað hvert ár. Listahátíð í Reykjavík hefur sent Nefnd um tónlistarhús ýmis gögn um hátíðina 1996. Þar er m.a. gerð grein fyrir þeim húsum sem notuð voru við tónleikahald og helstu vandkvæðum við nýtingu þeirra.

Eftirtalin hús voru notuð fyrir tónleika á Listahátíð 1996:

Tafla 6. Hús á Listahátíð 1996

Hús	Sætaframboð
Íslenska óperan/ Gamla bíó	473
Loftkastalinn	406
Borgarleikhús, stóra svið	523
Laugardalshöll	3.000-5.000
Sundhöllin	200
Norræna húsið	110
Þjóðleikhúsið án gryfju	522
Þjóðleikhúsið með gryfju	475
Háskólabíó	976
Listasafn Íslands	140

Þau hús sem eru fyrir hendi og Listahátíð notar eru öll ætluð til annars en tónleikahalds. Með tilkomu tónlistarhúss, með a.m.k. tveimur misstórum tónleikasölum, sem Listahátíð hefði aðgang að þær tvær til þrjár vikur sem hún stæði, yrði margur vandinn leystur. Vandinn við að finna heppilegt húsnæði er margs konar en einna mestur er hann þegar um er að ræða dýra tónleika þar sem gera þarf ráð fyrir mikilli aðsókn. Nefna má sem dæmi tónleika Evgeny Kissin á síðustu Listahátíð, þar sem færri komust að en vildu.

Laugardalshöll

Til þess að breyta Laugardalshöll í hljómléikahús þarf að gera ótal tilfæringar fyrir hverja tónleika, sem bæði kosta mikið skipulag og fjármagn. Leiga á stólum ásamt uppröðun á þeim, hljóðhönnun og leiga á hljóðkerfi, ljósaönnun og leiga á ljósatækjum, smíði sviðs og palla, teppalagning á svið, skreytingar, veitingasala, miðasala, sýningarstjórn, sérhæft starfsfólk og fleira, eru þættir sem tónleikahaldari verður að reikna með ef halda á tónleika í Laugardalshöll. Undirbúningskostnaður nemur því miljónum króna fyrir hverja tónleika. Eftir stendur sú staðreynd að hljómburður er ekki góður. Þrátt fyrir ofangreinda upptalningu er Laugardalshöllin eina úrræðið þegar halda á tónleika fyrir fleiri en 1000 manns.

Háskólabíó

Hljómburður í stærsta bíosalnum, hefur verið lagfærður með tilliti til þarfa Sinfóníuhljómsveitarinnar, en til þess að geta notað salinn þarf Listahátíð að kaupa upp kvikmyndasýningar vegna undirbúnings. Ef um stóra sýningu er að ræða þar sem þörf er á miklum tækjabúnaði og undirbúningstíma hefur Listahátíð leitað í önnur hús.

Leikhús

Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Gamla bíó eru leikhús með fasta starfsemi. Í þeim er sú tækni, verkkunnátta og tæknimenn sem þarf að vera til staðar, hvort sem um er að ræða tónleika, óperu, danssýningu, leikhús eða sambland af ofangreindum listgreinum. Mörg atriði sem koma á Listahátíð sameina fleiri þætti en einungis tónleika. Vandinn er sá að öll eru þessi hús að svipaðri stærð, þyrftu oftast að vera stærri til þess að hægt sé að ráðast í viðamikil atriði á Listahátíð. Loftkastalinn hentar þegar um hljóðmagnaða tónleika er að ræða, en hins vegar hefur komið í ljós að ekki er hægt að halda þar tónleika sem ekki eru hljóðmagnaðir.

Oft hefur komið fyrir að Listahátíð hafi þurft að hætta við tónleika þar sem heppilegt húsnæði var ekki fyrir hendi. Áhorfendur á Listahátíð gera þá kröfu að á hana komi heimspekkir listamenn, ekki síst á sviði tónlistar. Heimspekkir listamenn eru dýrir og þar að auki óvanir því að flytja list sína í litlum, illa búnum söllum. Þar af leiðandi er tónlistarhús nauðsynlegur þáttur í því að skipuleggja Listahátíð eins og henni ber.

Eftirfarandi tafla sýnir einstaka tónleika á Listahátíð 1996.

Tafla 7. Tónleikar á Listahátíð 1996

	Sýningarstaður	Fjöldi gesta	Fjöldi tónleika
Camerarctica tónleikar	Loftkastalinn	96	1
Shlokawa og Andres Schiff - tónleikar	Íslenska óperan	361	1
Hífopp - tónleikar	Loftkastalinn	159	1
Sigurður Flosason og alþjóðl. jasskvintettinn	Loftkastalinn	181	1
4 einsöngvarar, Heimskórinn, S.Í. - tónleikar	Laugardalshöll	1.353	1
Voces Thules - tónleikar	Sundhöllin	365	2
Jötunninn - rokkópera	Loftkastalinn	677	2
Philharmonia Quartett-Berlin - tónleikar	Íslenska óperan	180	1
Den danske trio - tónleikar	Norræna húsið	45	1
Ævintýrakvöld Kammersveitar Reykjavíkur	Þjóðleikhúsið, stóra svið	230	1
Sinfóníuhljómsveit Íslands - tónleikar	Háskólabíó	900	1
Zilla píanókvartettinn - tónleikar	Listasafn Íslands	141	1
Evgeny Kissin - tónleikar	Háskólabíó	1.061	1
Lester Bowie's Brass Fantasy - tónleikar	Loftkastalinn	657	2
Deutsches Symphonie - Orchester Berlin - tónleikar	Laugardalshöll	1.883	1
David Bowie - popptónleikar	Laugardalshöll	5.500	1
Björk - popptónleikar	Laugardalshöll	4.000	1
PULP - popptónleikar	Laugardalshöll	4.000	1

2.7 Tónlistarhús í nágrannalöndunum.

Einn þáttur í starfsemi Nefndar um tónlistarhús var að gera könnun á tónlistarhúsum í nágrannalöndunum. Spurningalisti var sendur út (sjá viðauka) og fengust svör við honum frá eftirtöldum húsum: Odense og Aarhus í Danmörku, Olafshallen í Þrándheimi, Stavanger og Grieghallen í Bergen í Noregi og Kuopio í Finnlandi. Meðal þess sem leitað var svara við voru spurningar um stærð húsa, byggingartíma og byggingarár, fjármögnun uppbyggingar og reksturs, aðstöðu tónlistarmanna og tónleikagesta, fjölda sala og sætafjölda, nýtingu og skiptingu milli tegunda tónlistar og annarra atburða, hljómburð, fjölda hljóðfæraleikara í sinfóníuhljómsveit og fjölda íbúa á þjónustusvæði. Tegund starfsemi er annarsvegar háð upprunalegri hönnun hússins og hins vegar markmiðum rekstraraðila. Sem dæmi má nefna að mjög fjölbreytt starfsemi fer fram í Stavanger þrátt fyrir að húsið virðist einfalt að gerð. Ennfremur valda tengsl tónlistarhússins í Odense við SAS hótelin því að frá rekstrarlegu sjónarmiði er húsið ekki síður ráðstefnuhús en tónlistarhús.

2.7.1 Fyrirkomulag og gerð

Við gerð könnunarinnar var leitast við að fá upplýsingar um nýleg tónlistarhús. Flest voru húsin 2-5 ár í byggingu, en mun lengri tíma tók þó að byggja tónlistarhúsið í Kuopio og Grieghallen. Tafla 8 sýnir nokkra lykilþætti sem taka þarf tillit til við hönnun tónlistarhúsa bæði hvað varðar aðstöðu fyrir tónlistarmenn og tónleikagesti.

Tafla 8. Gerð og fyrirkomulag erlendra tónlistarhúsa

Þættir	Aar-hus	Grieg-hallen	Kuopio	Odense	Olafs-hallen	Stav-anger
Byggingu hússins lokið	1982	1978	1985	1982	1989	1982
Fjöldi ára í byggingu	5	10	14	2	2	2
Heildarstærð hússins í m ²	14.500	40.000	10.000	9.123	15.000	
Sætafjöldi salur A	1.493	1.500	1.064	1.300	1.200	1.068
Sætafjöldi salur B	316	700	250	350	300	
Sætafjöldi salur C	0	0	132	0	120	0
Hljómburður	Sæmil.	Frábær	Frábær	Góður+	Góður	Góður
Upphitunaraðstaða	Já	Já	Já	Já	Já	Nei
Hljóðver	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei
Kaffi- og setustofa m ²	250	500	300	450	250	150
Geymslur m ²	500	300	203	900	900	300
Turn fyrir leiktjöld	Já	Já	Nei	Nei	Já	Nei
Hljómsveitargryfja	Já	Já	Já	Nei	Já	Nei
Vökvalyftur á sviði	Já	Já	Nei	Nei	Já	Nei
Veitingaastaða fyrir gesti	Já	Já	Já	Já	Já	Nei

Aarhus

Bygging tónlistarhússins í Aarhus hófst árið 1977 og lauk árið 1982. Húsið, sem er 14.500m² að stærð, er fyrst og fremst hannað með margbreytilegan tónlistarflutning í huga og er mjög fullkomið sem slíkt. Gryfja, turn og leiktjöld eru fyrir flutning á óperum og söngleikjum, en þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt í að gera húsið sem best fyrir tónlistarflutning, er hljómburðurinn að dómi forráðamanna hússins aðeins sæmilegur fyrir sinfóníuhljómsveit staðarins, en hann er hins vegar góður fyrir flutning á

óperum og söngleikjum. Í Aarhus eru tveir salir og tekur sá stærri 1.493 manns, en minni salurinn rúmar 316 manns. Í húsinu er fullkomið hljóðver fyrir upptökur og beinar útsendingar á hljóði.

Grieghallen

Grieghallen í Björgvin er stærsta tónlistar- og ráðstefnuhús Norðmanna og er heildarflatarmál 40.000 m². Bygging hússins hófst árið 1968 og var það 10 ár í byggingu. Hluti hússins nýtist sem tónlistarhús, en auk þess er húsið mikið notað í ráðstefnuhald af ýmsu tagi og getur tekið allt að 3.000 manns í einu. Í húsinu er tveir salir sem ætlaðir eru fyrir tónlistarflutning og rúmar sá stærri 1.500 manns en sá minni 700. Húsið, sem er langstærsta tónlistarhúsið á Norðurlöndum, er búið öllum búnaði sem nauðsynlegur þykir til flutnings á tónlist. Gryfja, turn og leiktjöld eru fyrir flutning á óperum og söngleikjum og einnig er í húsinu fullkomið hljóðver. Hljómburður er frábær að dómi forráðamanna hússins.

Kuopio

Framkvæmdir við húsið hófust árið 1970, en það var tekið í notkun árið 1985 eftir 15 ár í byggingu. Í húsinu eru tveir salir, sá stærri tekur 1.064 manns og sá minni 250 manns, auk fyrirlestararsalar og lítils veitingastaðar í kjallara hússins sem rúmar 132 gesti. Aðalsalurinn er með hljómsveitargryfju með vökvalyftu, en án turns fyrir leiktjöld. Í upphafi var ætlunin að hafa fullkomna sviðsaðstöðu, en frá því var horfið vegna kostnaðar og er forráðamönnum hússins eftirsjá í því. Þrátt fyrir einfalda hönnun eru settar upp óperur einu sinni til tvisvar á ári. Meðan á óperusýningum stendur er húsið ekki notað í aðra starfsemi. Hljómburður í Kuopio er einn sá besti sem finnst í Finnlandi að dómi forráðamanna hússins, en hins vegar er aðstaða fyrir tónleikagesti lítil. Geymslupláss og hvíldaraðstaða tónlistarmanna er einnig í lágmarki, auk þess að rými fyrir skrifstofu er lítið. Heildarstærð hússins er 10.000 m², en hlutdeild símfóníuhljómsveitarinnar 50% (5000m²). Tónlistarskóli Kuopio og Sibeliusar akademían nýta hinn helminginn.

Odense

Húsið var byggt á árunum 1980-1982 að undangenginni samkeppni. Tveir tónleikasalir eru í húsinu og tekur stærri salurinn 1300 áheyrendur en sá minni 350. Heildarstærð hússins er 9.123m². Hljómburður í stærri salnum þykir mjög góður úti í sal, en vandamál hafa verið með hljómburð á sviði og kvarta hljóðfæraleikarar yfir því að þeir heyri illa hver í öðrum. Stærri salurinn er einnig sérstakur að því leyti, að sæti fyrir 150 manns eru umhverfis sviðið, þ.e. til hliðar og aftan við það. Húsið er hannað án gryfju og turns og taldi framkvæmdastjóri símfóníuhljómsveitarinnar það ekki ágalla, enda þótt þar sé árlega flutt ópera. Hins vegar hefði þurft stærra forrými fyrir tónleikagesti og einnig vantar meiri aðstöðu fyrir hljóðfæraleikara og starfsmenn hljómsveitarinnar.

Olafshallen

Olafshallen í Þrándheimi er yngsta húsið í hópnum og var byggingu þess lokið árið 1989 eftir tvö ár í byggingu. Húsið er hannað sérstaklega með tónlistarflutning í huga og hefur rekstur þess frá upphafi snúist um tónlistarstarfsemi, en önnur starfsemi er í lágmarki. Vökvalyftur eru á sviði ásamt gryfju og turn, fyrir leiktjöld. Salir eru 3, 1.200, 300 og 120 sæta og eru forráðamenn hússins ánægðir með hljómburðinn. Húsið er næst stærst húsanna í úrtakinu, alls 15.000m².

Stavanger

Tónlistarhúsið í Stavanger er eina húsið í úrtakinu sem hannað er með einn sal, sem tekur 1.068 manns, en þrátt fyrir það fer mikil starfsemi fram í húsinu. Byggingu þess lauk árið 1982. Aðstaða tónlistarmanna og tónleikagesta er í lágmarki og ekki er veitingaaðstaða fyrir tónleikagesti. Sviðið er hannað án gryfju og turns og ekki eru vökvalyftur á sviði. Hljómburður í Stavanger er góður að dómi forráðamanna hússins, sem hannað er án hljóðvers.

2.7.2 Starfsemi sem fram fer í húsunum

Öll húsin í úrtakinu hýsa fjölskrúðugt tónlistarlíf. Tafla 9 sýnir yfirlit yfir allt það starf sem fram fer í húsunum, bæði tónlistarstarfsemi sem og annað starf.

Klassísk tónlist

Sinfóníuhljómsveit hvers staðar hefur að jafnaði 50% nýtingu á stærri sal húsanna til tónleikahalds og æfinga, en klassískir tónleikar eru þriðjungur af heildarnotkun húsanna. Einstök hús skera sig úr hvað þetta varðar og er Stavanger með hæsta hlutfall klassískra tónleika af heildarstarfseminni (49%).

Dægurtónlist/Jazz

Að meðaltali eru 17% tónleika í húsunum dægurtónleikar og jazz. Með dægurtónlist er átt við alþýðutónlist, popp, rokk og tónlist sem ekki er hægt að flokka með hefðbundnum tónlistarstefnum. Misjafnt er hversu ríkur þáttur léttara tónleikahald er í starfsemi húsanna og virðist það víkja fyrir annarri starfsemi, s.s. ráðstefnum, eins og sést í töflu 9. Þar eru Grieghallen og Odense með mjög litla tónlistarstarfsemi aðra en klassík en hins vegar er önnur starfsemi öflug.

Óperur, söngleikir og revíur

Greinileg fylgni er á milli gerðar húsanna og þess hvort óperur, söngleikir og revíur eru virkur þáttur í starfsemi húsanna. Þau hús sem hönnuð eru með gryfju og turn fyrir leiktjöld eru Aarhus, Grieghallen og Olafshallen. Í þeim eru sýningar sem krefjast þess háttar búnaðar ríkur þáttur í starfseminni. Aarhus sker sig frá öðrum húsum hvað þetta varðar, því þar eru óperur, revíur og söngleikir þriðjungur af tónleikahaldi, en í öðrum húsum 8-10% af heildarstarfsemi. Í Kuopio er gryfja með vökvalyftum og þar eru söngleikir og óperur sýndar tvisvar á ári. Enginn önnur starfsemi fer fram í húsinu meðan á óperusýningum stendur. Í Odense er hvorki gryfja né turn, en þrátt fyrir það hafa söngleikir og óperuverk verið sett upp árlega og eru þá fremstu sætaraðrir rýmdar til þess að koma hljómsveitinni fyrir. Sama aðferð er notuð í Stavangri en þar er um 20 sýningar á óperum og söngleikjum á hverju ári.

Aðrir tónlistarviðburðir

Óskilgreindir tónlistarviðburðir eru að meðaltali 4% af heildarnotkun húsanna, þó svo að Aarhus, Grieghallen og Odense gefi ekki upp óskilgreinda tónlistarviðburði á árinu.

Önnur starfsemi

Um þriðjungur af starfsemi tónlistarhúsanna flokkast undir annað en tónlistarviðburði. Þar ber hæst ráðstefnur og fundir (að meðaltali 22%) í þeim húsum sem rekin eru í samstarfi við fyrirtæki og félög. Í tónlistarhúsinu í Odense er nýting hússins undir ráðstefnur 2/3 af heildarnýtingu, enda er húsið rekið af SAS hótelinu sem leigir Sinfóníuhljómsveitinni hluta af húsinu til afnota. Í Grieghallen og Kuopio er ráðstefnuhald einnig stór hluti af heildarstarfsemi húsanna, en í Stavanger, Aarhus og Olafshallen er ráðstefnuhald ekki eins veigamikill þáttur. Leiksýningar og óskilgreind starfsemi eru lítil þáttur í starfsemi húsanna.

Tafla 9. Viðburðir í erlendum tónlistarhúsum (æfingar ekki meðtaldar)

Starfspættir	Aarhus	Griegh.	Kuopio	Odense	Olafsh.	Stavanger	Meðaltal
Hljómleikar: Klassík	40 18%	106 41%	59 25%	60 23%	88 40%	82 49%	73 32%
Hljómleikar: Popp, jazz	36 16%	15 6%	81 34%	15 6%	64 29%	20 12%	39 17%
Óperur, og söngleikir	75 33%	24 9%	6 3%	6 2%	22 10%	20 12%	26 11%
Aðrir tónlistarviðburðir			21 9%		11 5%	19 11%	9 4%
Samtals	151 66%	145 56%	167 71%	81 32%	185 84%	141 83%	145 64%
Leiksýningar	15 7%	5 2%		2 1%			4 2%
Ráðstefnur og fundir	12 5%	60 23%	48 20%	170 66%	7 3%	8 5%	51 22%
Annað	50 22%	50 19%	21 9%	3 1%	29 13%	20 12%	29 13%
Samtals	77 34%	115 44%	69 29%	175 68%	36 16%	28 17%	83 37%
Heildarnotkun dagar	228	260	236	256	221	169	228

2.7.3 Nýting

Tafla 14 sýnir fjölda íbúa á þjónustusvæði húsanna og heildarsætafjölda. Auk þeirra húsa sem gagna var aflað um samkvæmt framansögðu eru tilgreind 6 hús í Finnlandi, með íbúafjölda þjónustusvæða frá 12.000 - 180.000.

Tafla 10. Stærð markaðar og sætafjöldi

Hús	Íbúafj.	Sætafjöldi			Fjöldi íbúa á sæti
		A	B	C	
Aarhus	500.000	1.493	316	0	276
Grieghallen	230.000	1.500	700	0	104
Hyrinkaa	40.000	450	0	0	88
Jarvenpaa	35.000	600	0	0	58
Kajaari	37.000	550	0	0	67
Kuhmo	12.000	700	0	0	17
Kuopio	85.000	1.100	250	100	59
Mikkeli	30.000	700	0	0	43
Odense	600.000	1.300	350	0	193
Olafshallen	140.000	1.265	300	120	83
Stavanger	150.000	1.068	0	0	140
Tampere	180.000	1.800	0	0	100

Fjöldi íbúa á hvert sæti er mjög misjafn og virðist ekki vera forsenda fyrir byggingu húsanna. Bættar samgöngur og tækniþynging í fjölmiðlun opnað

nýja möguleika í markaðssetningu á tónlistarviðburðum og annarri starfsemi. Í stærri borgunum eru allt að 300 manns um hvert sæti, en þau hús eiga það einnig sammerkt að þau eru mikið nýtt undir aðra starfsemi, s.s. ráðstefnuhald. Í stærri húsunum eru ennfremur fleiri salir sem nýtast fyrir minni tónleika og fundi. Algengt er að veitingaaðstaða í húsunum nýtist einnig sem tónleikasalur fyrir minni tónlistaruppákomur, t.d. jazztónleika. Gífurlegur áhugi á tónlist í Finnlandi sést á því að reist hafa verið sérstök tónlistarhús í minni bæjarfélögum eins og Kuhmo og Mikkeli og eru þar allt niður í 17 íbúar um hvert sæti.

Notkun tónlistarhúsanna og sætanýting er sýnd í töflu 11. Sætanýting er að meðaltali um 74% og meðalgestafjöldi á ári 150.441. Meðalfjöldi viðburða er 228 sem jafngildir því að rúmlega 1,5 sólarhringur sé á milli viðburða. Við bætist sá tími sem húsin eru í notkun vegna æfinga og undirbúnings, en lágmarksundirbúningstími vegna tónleika eru 4-6 tímar. Ef um viðameiri tónleika eða sýningar er að ræða þarf lengri undirbúningstíma. Hámarksnýting á tónlistarhúsum með tvo sali er 260 viðburðir á ári auk æfinga sinfóníuhljómsveitanna og undirbúningstíma vegna viðburða. Mest er þó nýtingin á Aarhus, Grieghallen og Odense. Þau hús eru byggð á fjölmönnum þjónustusvæðum og mikið notuð undir aðra starfsemi en tónlist. Hins vegar kemur á óvart hversu mikil starfsemi er í Stavanger og Kuopio, þar sem þau hús eru ekki hönnuð með eins víðtæka starfsemi í huga og hin.

Olafshallen í Þrándheimi sker sig nokkuð úr hvað sætanýtingu varðar og er bæði heildarfjöldi atburða (221) og nýting á viðburðum (59 %) undir meðallagi. Tónleikahald í Olafshallen og tónlistarstarfsemi stendur í miklum blóma, en hins vegar er húsið lítið sem ekkert notað undir aðra starfsemi s.s. ráðstefnur, sýningar eða fundahöld og er það skýring á lægri tölum um nýtingu og starfsemi.

Tafla 11. Notkun og sætanýting í erlendum tónlistarhúsum.

	Aarhus	Grieg- hallen	Kuopio	Odense	Olafs- hallen	Stav- anger	Meðal- tal
Sætafjöldi salur A	1.493	1.500	1.064	1.300	1.265	1.068	1.282
Sætafjöldi salur B	316	700	250	350	300		383
Sætafjöldi salur C			100		120		44
Meðalsætan. á tónl.	85%	70%	75%	85%	59%	72%	74%
Fj. tónlistarviðb.	151	145	167	81	185	141	145
Fj. annarra viðb.	77	115	69	175	36	28	83
Fj. viðburða	228	260	236	256	221	169	228
Gestir salur A	144.672	136.500	94.164	141.440	86.822	129.954	122.259
Gestir salur B	30.620	63.700	22.125	38.080	14.567	0	33.818
Árlegur fjöldi gesta	175.292	200.200	116.289	179.520	101.389	129.954	150.441

Í könnuninni voru framkvæmdastjórar sinfóníuhljómsveitanna beðnir að meta þau áhrif sem tilkoma húsanna hefði haft á tónleikasókn og samfélagið á þjónustusvæði þeirra. Allir voru sammála um að með tilkomu hússins hefði orðið veruleg aukning á tónleikasókn og sums staðar hefði eftirspurn allt að tvöfaldast. Bygging húsanna hefði eftt menningarstarfsemi samfélagsins almennt.

2.7.4 Fjármögnun

Tafla 12 sýnir hvernig kostnaður vegna uppbyggingar húsanna skiptist á milli stofnana samfélagsins. Að meðaltali komu 75% fjármagns vegna

uppbyggingar frá bæjarfélaginu, ríkisstyrkir námu að meðaltali 13%, en aðrir lögðu til afganginn. Bæjarfélögin í Aarhus og Odense fjármögnuðu húsinn að fullu, en hins vegar vekur athygli lítil þátttaka Bergenborgar í uppbyggingu Grieghallarinnar. 61% hennar voru fjármögnuð af einkaaðilum. Í Noregi tóku fylkin (sveitarfélögin) þátt í byggingu menningarmannvirkja og í Þrándheimi var hluti þeirra 11% en 6 % í Bergen.

Misjafnt er hvernig staðið er að rekstri húsanna. Almennt má segja að aðgöngumiðasala og aðrar tekjur af rekstri húsanna skili 50% upp í rekstrarkostnað, en mismunurinn er fjármagnaður með framlögum frá bæjarfélögum, sveitarfélögum, einkaaðilum og með styrkjum. Ríkisvald kemur almennt ekki að rekstrinum nema í Grieghallen, þar sem framlag þess nemur 88% af rekstrargjöldum.

Tafla 12. Uppbygging tónlistarhúsa erlendis

	Aar-hus	Grieg-hallen	Kuopio	Odense	Olafs-hallen	Stav-anger	Meðal-tal
Framlag frá ft. og einstakl.	0%	9%	0%	0%	0%	0%	2%
Framlag frá ríki	0%	20%	25%	0%	18%	15%	13%
Framlag frá bæjarfélagi	100%	13%	75%	100%	71%	85%	74%
Framlag frá fylki/sveitarfélagi	0%	6%	0%	0%	11%	0%	3%
Framlag frá samtökum	0%	9%	0%	0%	0%	0%	2%
Önnur framlög	0%	43%	0%	0%	0%	0%	7%

2.8 Áætlun um nýtingu tónlistarhúss í Reykjavík

Eins og fram kemur hér að framan er tónlistarlíf á landinu mjög fjölskrúðugt. Fyrirsjáanlegt er að margir tónleikar flyttust í tónlistarhúsið, sérstaklega þeir tónleikar sem nú eru haldnir í húsnæði sem hentar illa til tónlistarflutnings. Nýting tónlistarhússins fer eftir stærð þess, gerð og rekstrarforsendum. Ef gengið er út frá því að reist verði hús með tveimur sölum, þar sem stærri salurinn rúmar 1300 sæti, en sá minni 350, er hægt að segja til um með nokkurri vissu hvaða tónleikar fara í tónlistarhúsið.

Lagt var mat á hvernig nýting á stærri sal hússins gæti orðið. Til greina komu allir tónleikar með áhorfendafjölda yfir 400 manns og voru þeir 216 samkvæmt töflu 5. Í samráði við Samtök um tónlistarhús var metið hvaða tónleikar myndu mögulega eiga heima í tónlistarhúsi miðað við núverandi aðstæður.

Við áætlunina er gert ráð fyrir eftirfarandi forsendum:

1. Gert er ráð fyrir að salurinn verði hannaður með svölum, þar sem 900-1000 manns rúmast í neðri sal, en 250-350 á svölum. Þannig er hægt að halda 500-700 manna tónleika, án þess að salurinn virðist þunnskipaður.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands á heimili í stóra salnum til æfinga og tónleikahalds og miðast 50-55 viðburðir í starfsemi hennar við að hljómsveitin fari lítið út fyrir húsið til tónleikahalds. Er þá meðtaldir 15-20 skólatónleikar sem fara fram á æfingartíma hljómsveitarinnar.
3. Gert er ráð fyrir að 4-6 stærstu kórarnir myndu nýta sér aðstöðuna í stærri sal tónlistarhússins.
4. Gert er ráð fyrir að þekktir dægurtónlistarmenn myndu halda tónleika sína í stærri sal tónlistarhússins.
5. Reiknað er með 70% nýtingu á sætum.

6. Ekki er gert ráð fyrir annarri nýtingu, s.s. ráðstefnum, sýningum, fundum o.s.frv.

Tafla 13 sýnir áætlaðan fjölda tónleika, 134 á ári og samsvarandi fjölda gesta sem sækja myndu tónleika í stóra salnum, 117.250.

Tafla 13. Fjöldi tónleika og gesta í stóra sal

Teg. viðburða	Fjöldi tónleika	Fjöldi gesta
Sinfóníuhljómsveit	55	48.125
Kammertónlist	0	0
Einleikarar	0	0
Duó	0	0
Trío	0	0
Quartett	0	0
Quintett	0	0
Kórar	37	32.375
Söngur	7	6.125
Dægurtónlist	16	14.000
Blandað	3	2.625
Jazz	5	4.375
Lúðrasveit	8	7.000
Nemendatónleikar	3	2.625
Tónlistarviðburðir samt.	134	117.250

Árlega eru haldnir 630 tónleikar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem áhorfendafjöldi er á bilinu 70-400. Við mat á því hvaða tónleikar myndu mögulega flytjast í minni sal tónlistarhússins var tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Tónlistarhús á ekki að yfirtaka allt tónlistarlíf á höfuðborgarsvæðinu.
2. Einungis er gert ráð fyrir þeim tónleikum í litla salnum, sem nú eru haldnir í húsnæði sem hentar illa til tónleikahalds.
3. Gert er ráð fyrir að fluttir séu þeir tónleikar þar sem áheyrendafjöldi var 300-400.
4. Tekið er tillit til hefða og venja í tónlistarlífinu, tónleikar sem hefð hefur skapast um að halda í ákveðnu umhverfi, eru ekki fluttir í tónlistarhús.
5. Reiknað er með 70% sætanýtingu á tónleikum.
6. Reiknað er með mismunandi framboði og eftirspurn milli mánaða samkvæmt könnun nefndar um tónlistarhús á tónleikahaldi árið 1995.
7. Tekið er tillit til viðhorfa þeirra fulltrúa tónlistarlífsins sem nefndin ræddi við.

Tafla 14 sýnir áætlaðan fjölda tónleika, 168 á ári og samsvarandi fjölda gesta sem sækja myndu tónleika í litla salnum, 41.160.

Tafla 14. Fjöldi tónleika og tónleikagesta í minni sal.

Tegund tónleika	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	Áætl. fjöldi tónl.	Áætl. gestafjöldi á ári
Söngur	3	3	3		1	1	2	5	3	2	3	1	27	6.615
Kammer	2	3	1	1	1	3	1	2	1	2	3	4	24	5.880
Dægurtónl.		1	2	2	1		1		2	4	5	3	21	5.145
Einl.		3	3	2	1			1	1	2	2		15	3.675
Nem	1		5	6	1					1		1	15	3.675
Duo	1	2		1	1	1	3	3			1	1	14	3.430
Jass	1	1	1						4	1	2	1	13	3.185
Kórar	1		1	2	3	1				2		2	12	2.940
Blandað												8	8	1.960
Quartett	1	2	2		1				1	1			8	1.960
Trio	1				1	2		1			1		6	1.470
Quintett			1	1								1	3	735
Lúðrasveit				2									2	490
Samtals	11	15	19	17	11	8	9	12	12	15	17	22	168	41.160

Í áætlun Nefndar um tónlistarhús um nýtingu tónlistarhússins kemur því fram að 302 viðburðir ættu heima í tónlistarhúsi, þar af 134 í stærri sal, en 168 í minni. Má telja að húsið verði vel nýtt, þegar tillit er tekið til undirbúnings og æfinga. Miðað við 70% nýtingu beggja sala yrði árlegur gestafjöldi 158.410, þar af er áheyrandafjöldi Sinfóníuhljómsveitarinnar tæplega þriðjungur. Reynsla erlendis sýnir að tónlistaráhugi og eftirspurn eftir tónlist eykst með byggingu tónlistarhúss og sumsstaðar hefur aukningin orðið allt að 100%. Í ljósi þess er líklegt að aðsókn sé fremur vanmetin, en ofmetin.

Í eftirfarandi töflu er áætlun um nýtingu tónlistarhúss í Reykjavík borin saman við nýtingu húsa í nágrannalöndunum, annarsvegar hvað viðkemur fjölda tónlistarviðburða og hinsvegar fjölda gesta.

Tafla 15. Samanburður á nýtingu tónlistarhúsa.

	Fjöldi tónlistarviðburða	Fjöldi gesta
Aarhus	151	116.093
Grieghallen	145	111.650
Kuopio	167	82.289
Odense	81	56.801
Olafshallen	185	84.873
Stavanger	141	108.423
Reykjavík		
Stóri salur	134	117.000
Litli salur	168	41.000
Alls	302	158.000

Taflan sýnir að fjöldi viðburða yrði talsvert meiri í tónlistarhúsinu í Reykjavík og byggist það einkum á mikilli nýtingu litla salarins. Þá yrði fjöldi gesta sambærilegur við það sem best gerist, einkum þegar haft er í huga að í áætlun um tónlistarhús í Reykjavík eru aðeins teknir tónlistargestir. Gestir á fundum og ráðstefnum mundu auka heildarfjöldann verulega.

Nefndin er á einu máli um það að svara beri játandi þeirri spurningu hvort ráðast eigi í að reisa tónlistarhús.

Með vísan til þess sem sagt er hér að framan telur nefndin að helstu rök fyrir þessari niðurstöðu séu sem hér segir.

Tónlistarlíf í landinu er afar blómlegt

Samkvæmt könnun Tónlistarráðs frá 1991 iðka um 26.600 manns á landinu öllu tónlist, eða um 10% þjóðarinnar. Er þá átt við þá sem stunda tónlist reglulega, þ.e. tónlistarskólanema, félaga í kórum og hljómsveitum svo og einleikara og einsöngvara.

Miklar listrænar kröfur eru gerðar til starfandi tónlistarfólks, sem hefur sýnt það og sannað að það standi jafnfætis starfsystkinum sínum erlendis. Tónlistarmenn sem hér starfa og þeir fjölmörgu afburða listamenn sem landið heimsækja, hafa með starfi sínu byggt upp tónlistarlíf sem þolir alþjóðlegan samanburð hvað varðar listræn gæði.

Könnun á tónleikahaldi, sem nefndin gekkst fyrir, sýnir að fjöldi tónleika á landinu er með ólíkindum. Árið 1995 voru haldnir 1385 opinberir tónleikar á landinu öllu, þar af 846 á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin hefur áætlað fjölda tónleikagesta og telur að á höfuðborgarsvæðinu hafi þeir verið um 180.000 árið 1995. Þetta þýðir að tónleikagestir hafa verið álíka margir og þeir sem sóttu sýningar Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins, samanlagt. Er þó áhugi á leiklist og aðsókn að leikhúsum mikil.

Reynsla erlendis frá sýnir að með tilkomu tónlistarhúsa vex aðsókn að tónleikum. Nefndin telur að aukin þátttaka almennings í menningarlífi, sé eftirsóknarverð og þessi áhrif tónleikahússins því mikilvæg.

Aðstaða til tónleikahalds og tónlistarflutnings er slæm

Í landinu er enginn salur sérstaklega hannaður fyrir lifandi tónlist. Í einhverjum tilvikum hafa salir verið endurbættir eftir á til að bæta hljómburð þeirra og vera kann að eitthvað tillit hafi verið tekið til tónlistarflutnings við hönnun annarra.

Háskólabíó hefur verið mest notað fyrir hina fjölmennari tónleika og þar heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands flesta tónleika sína. Hljómsveitin hefur haft aðsetur í Háskólabíói í rúma þrjá áratugi. Það er öllum ljóst sem húsnæðið skoða að aðstaða hljóðfæraleikara er afar bágborin og fjarri því sem listamönnum við aðrar menningarstofnanir þjóðarinnar eða starfsmönnum annarra opinberra vinnustaða er yfirleitt boðið upp á. Það er leikmönnum hinsvegar ekki jafn augljóst hversu slæmur hljómburður í bíósalnum er fyrir sinfóníuhljómsveit. Um þann þátt geta best dæmt alþjóðlegir listamenn sem víða hafa farið og skal hér látið nægja að vitna til orða Vladimir Ashkenazy. Í viðtali við Morgunblaðið þann 1. júlí 1995 segir hann um Háskólabíó *“Þetta er kvikmyndahús. Ég hef spilað í hundruðum slíkra um dagana og hljómburðurinn í þeim öllum er hræðilegur. Þess vegna fjölga tónleikahúsum svo ört í heiminum”*.

Nefndin telur að það sé ekki raunhæfur kostur að breyta Háskólabíói í gott tónleikahús sem rúmi um 1.000 áheyrendur líkt og húsið gerir nú.

Sinfóníuhljómsveit Íslands vantar heimili

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur starfað í tæp 50 ár og er hin eina af grónum menningarstofnunum þjóðarinnar, sem ekki er búin sómasamleg aðstaða.

Listræn staða Sinfóníuhljómsveitar Íslands er með þeim hætti að hljómsveitarinnar verður ekki notið til fulls með þeim hljómburði sem Háskólabíó býður upp á. Í raun hafa þeir einir notið hljómsveitarinnar til fulls sem hafa heyrt hana leika í hljómleikaferðum erlendis.

Nefndin telur að það sé afar brýnt menningarlegt viðfangsefni að koma upp heimili fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Vel hefur verið búið að öðrum listgreinum en tónlist

Leiklist og myndlist hefur verið búið sómasamleg aðstaða í Þjóðleikhúsi, Borgarleikhúsi, Listasafni Íslands og á Kjarvalsstöðum. Þá er lokið byggingu Þjóðarbókhlöðu.

Reykjavíkurborg áformar á næstu árum að koma upp myndlistarsafni og nýju aðalsafni Borgarbókasafns.

Nefndin telur að tónlistarhús eigi að vera næsta stórverkefni á sviði menningarmála.

Ísland stendur langt að baki nágrannalöndunum hvað varðar aðstöðu til tónlistarflutnings

Á síðustu tveimur áratugum hafa fjölmörg hús, sérhönnuð til tónlistarflutnings verið byggð á hinum Norðurlöndunum. Mörg þessara húsa hafa á móta fjölmenn þjónustusvæði og tónlistarhús í Reykjavík hefði. Athyglisvert er að t.d. í Finnlandi hafa fjölmörg tónlistarhús risið í fámennari borgum en Reykjavík.

3. Hvaða starfsemi á að fara fram í tónlistarhúsinu ?

Einn þáttur í verkefni nefndarinnar er að láta í ljós álit á því hvaða starfsemi eigi að fara fram í tónlistarhúsi. Starfsemin í húsinu ræður mestu um þarfagreiningu og þar með kostnað við byggingu hússins.

Í eftirfarandi greinum er fjallað sérstaklega um Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna en möguleg starfsemi í húsinu er að öðru leyti greind í tónleikahald, starfsemi sem krefst leiksviðs, ráðstefnuhald, aðra starfsemi sem tengd er tónlist og þjónustustarfsemi.

3.1 Almennt um sjónarmið viðmælenda

Fulltrúar F.Í.H. sjá tónlistarhúsið fyrst og fremst fyrir sér sem miðstöð íslenskrar tónlistar, en þó án óperu sem þeir telja að falli illa að öðrum rekstri hússins. Þeir telja ennfremur að húsið eigi að vera heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands, án þess þó að hún sé einráð í húsinu. Byggja á til framtíðar, þannig að húsið hafi möguleika á að hýsa sem fjölbreyttasta starfsemi, þar sem góð aðstaða er fyrir tónleikahald, æfingar og upptökur á tónlist. Fulltrúar F.Í.H eru þeirrar skoðunar að önnur starfsemi s.s. verlanir, tónlistarbókasafn, minjasafn og tónlistarskóli hjálpi til með að skapa líflegt tónlistarhús. Hins vegar telja þeir að samvinna við ráðstefnuhaldara sé ekki skynsamleg.

Tónlistarráð og Tónskáldafélagið telja mikinn skort á góðu húsnæði fyrir kórtónleika og myndu stærri kórarnir sérstaklega leita eftir að halda tónleika sína í tónlistarhúsi. Þeir segja að húsið eigi fyrst og fremst að vera þjónustumiðstöð fyrir tónlistarstarfsemi. Fulltrúar félaganna telja að ópera og leikhús eigi frekar samleið og benda á að til sé gott óperuhús/sönghús þ.e. Gamla bíó, sem hægt er að lagfæra þannig að það verði mjög gott. Að þeirra mati þarf flutningur óperu meiri nálægð við áhorfendur og þess vegna sé 1300-1400 manna salur allt of stór. Sterk rök fyrir því að byggja sal án leiksviðsaðstöðu telja þeir vera, að það hafi sýnt sig að hönnun tónlistarhúsa með tilliti til óperu, getur komið niður á hljómburði fyrir aðrar tegundir af tónlist, t.d. sinfóníutónlist.

Íslenski dansflokkurinn hefur verið húsnæðislaus undanfarin ár eða frá því að hann yfirgaf Þjóðleikhúsið. Að sögn forráðamanna dansflokksins eru helstu þarfir hans, svið sem er a.m.k. 12*12m með ljósabúnaði, búningsherbergi og baðaðstaða. Tónlist fyrir dansflokkinn hefur hingað til verið leikin af segulbandi, og telja forráðamenn hans ekki líklegt að flokkurinn hafi bolmagn til þess að setja upp danssýningar með hljómsveit í náinni framtíð, og þar af leiðandi þurfi að vera til staðar fullkomið hljóðkerfi.

Fulltrúar Félags íslenskra leikara (FIL) telja að það vanti gott hús fyrir óperu og með nýju húsi myndi aðsókn á óperusýningar aukast verulega. Aðrar þarfir ráðast af þörfum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Samtök um tónlistarhús leggja aðaláherslu á að tónlistarhúsið verði lifandi hús, með fjölbreytta notkunarmöguleika, sem gagnist flestum tegundum tónlistar. Stjórn samtakanna telur að misráðið sé að breyta gömlum húsum eins og t.d. Háskólabíói og ennfremur sé sú lausn mjög kostnaðarsöm. Að þeirra mati er stóra spurningin, hvort ópera eigi heima í tónlistarhúsi. Reynsla af fjölnotahúsum sé sú að hönnun bitni oft á hljómburði, þ.e. hljómburður slíkra húsa henti ekki öllum notum sem hafa eigi af húsinu. Stjórn samtakanna telur að endurskoða þurfi gamlar hugmyndir með opnum hug, með tilliti til breyttra þarfa og ástands í þjóðfélaginu.

Í huga aðstandenda Íslensku óperunnar verður tónlistarhús fyrst og fremst heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þess vegna verði erfitt að koma Íslensku óperunni þar fyrir. Fulltrúar hennar telja að starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og Íslensku óperunnar skarist á marga vegu. Að þeirra mati er illmögulegt að hafa aðra starfsemi í stóra salnum meðan á sýningum á óperum standa yfir vegna sviðsmynda og sviðsbúnaðar. Íslenska óperan er mjög ánægð með Gamla bíó sem óperuhús, þó svo að mikið vanti upp á að aðstaða þar sé fullnægjandi. Að þeirra mati er húsið frábært sönghús og hljómburður jafn hvar sem setið er í salnum. Þess vegna eru aðstandendur óperunnar mjög hlynntir því að gerðar verði endurbætur á Gamla bíói. Önnur veigamikil ástæða fyrir því að Íslenska óperan vill ekki inn í stærri sal tónlistarhússins er að miðað við núverandi markaðssetningu tekur viku að fylla Gamla bíó og telja rekstaraðilar að ekki séu forsendur fyrir að halda sýningar jafn oft og nú er gert í stærri sal. Fækkun sýninga getur hins vegar haft í för með sér að erfiðara verður fyrir söngvara og aðra flytjendur að ná hámarksframmistöðu. Fækkun sýninga hamlar þannig listrænum framförum listamannanna. Einnig fer meiri tími í kostnaðarsamar æfingar og upprifjun þegar að lengri tími líður milli sýninga. Þar af leiðandi vilja aðstandendur Íslensku óperunnar frekar fara í minni sal tónlistarhússins, verði ekki gerðar endurbætur á Gamla bíói til frambúðar.

Kammermúsíklúbburinn hefur undanfarin ár haft aðsetur í Bústaðakirkju. Hljómburður í Bústaðakirkju hentar að þeirra mati vel fyrir kammertónlist þar sem eftirhljómur er lítill og einnig hefur leiga þar verið hófleg. Helstu þarfir Kammermúsíklúbbsins eru góð aðstaða baksviðs og tími í húsinu til æfinga fyrir tónleika. Kammertónlist gerir svipaðar kröfur til hljómburðar og einleikur og ljóðasöngur.

Fulltrúar tveggja kóra, Kvennakórs Reykjavíkur og Skagfirsku söngsveitarinnar, komu á fund nefndarinnar. Þar kom fram m.a. að kórtónleikar séu að breyta um svip og meiri kröfur séu gerðar til húsnæðis og tækjabúnaðar. Þeir telja að góður hljómburður í tónlistarhúsi leiði af sér meiri nýtingu. Einnig verði að vera til staðar fullkominn sviðsbúnaður, s.s. ljósa- og hljóðkerfi og pallar auk þess aðstaða til að taka upp og fullvinna hljóð og mynd. Fulltrúar kóranna vara við hugmyndum um of stóran minni sal, sem þeir telja að eigi helst ekki vera mikið stærri en fyrir 500 áhorfendur.

Fulltrúi Félags íslenskra tónlistarmanna er á þeirri skoðun að ekki sé hægt að breyta Háskólabíói í gott tónlistarhús. Íslenskir tónlistarmenn eigi kröfu á tónlistarhúsi, þar sem þeir hafi hvað eftir annað sannað að þeir standi jafnfætis starfssystkinum sínum erlendis. Framfarir íslenskra tónlistarmanna séu háð þeirri aðstöðu sem þeim sé sköpuð og þess vegna er nauðsynlegt að hefjast handa sem fyrst. Þannig muni komandi kynslóðir íslenskra tónlistarmanna alast upp við sambærilegar aðstæður og félagar þeirra í nágrannalöndunum.

3.2 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 og hefur því starfað í tæplega 50 ár. Fyrstu áratuginu var framtíð hljómsveitarinnar oft óráðin en með lagasetningu Alþingis árið 1982 var hljómsveitin fest í sessi sem ein af helstu menningarstofnunum þjóðarinnar.

Starfsemi hljómsveitarinnar hefur orðið æ blómlegri með tímanum og síðastliðið starfsár var eitt hið glæsilegasta í sögu hljómsveitarinnar. Þar fóru saman góðir og vel sóttir tónleikar hér heima, með samtals 45.385 tónleikagestum og sérlega vel heppnuð tónleikaferð erlendis, þar sem hæst báru tónleikar í Carnegie Hall í New York.

Með hljómleikaferðum sínum erlendis hefur hljómsveitin meðal annars sýnt það og sannað að hún stenst fyllilega þær listrænu kröfur sem gerðar eru til slíkra hljómsveita á alþjóðavettvangi. Á hinn bóginn er langt frá því að hún búi við sambærilegar aðstæður og erlendar hljómsveitir.

Allir þeir fulltrúar tónlistarlífsins sem komið hafa á fund nefndarinnar eru þeirrar skoðunar að tónlistarhús eigi að vera heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta viðhorf endurspeglast í stefnu Samtaka um tónlistarhús en í 2. grein samþykktar fyrir samtökin segir: "Tónlistarhúsið verði heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands".

Gera má ráð fyrir að Sinfóníuhljómsveitin muni halda um 55 tónleika árlega í stóra sal tónlistarhússins og heildarfjöldi tónleikagesta verði um 50.000 á ári.

3.3 Íslenska óperan

Áhugamenn stofnuðu Íslensku óperuna árið 1979. Á þessum áratug hefur hún að meðaltali tekið til sýninga tvö verkefni á ári. Fjöldi sýninga hefur að meðaltali verið 36 á ári og gestir um 14.000 eða tæplega 400 á sýningu. Garðar Cortes kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir sjónarmiðum Íslensku óperunnar og koma þau fram hér á eftir.

Vegleg dánargjöf Sigurliða Kristjánssonar gerði Íslensku óperunni kleift að koma sér upp húsnæði þar sem áður var Gamla bíó. Gamla bíó er talið mjög gott tónleikahús og hljómburður til óperuflutnings góður. Húsið tekur um 500 manns í sæti, en gott þykir að ná um 400 manns á sýningu. Hljómsveitargryfja rúmar 60 hljóðfæraleikara og sviðsop er viðunandi. Sviðið er hinsvegar alltof lítið og sviðsturn er enginn. Aðstaða fyrir listamenn og starfsfólk er nánast engin. Það er því ljóst að verulegar endurbætur þarf gera á húsnæði Íslensku óperunnar ef það á að uppfylla framtíðarþarfir vegna óperuflutnings.

Það er sjónarmið Íslensku óperunnar að 700 manna salur væri heppileg stærð fyrir óperuflutning. Á venjulegri sýningu þarf Íslenska óperan að selja um 400 sæti til að ná inn fyrir kostnaði og er það markmið sem sett er hverju sinni. Sýningum er umsvifalaust hætt ef það mark næst ekki. Aðsókn að vinsælum óperum er 6.000 - 12.000 manns og það tekur margar sýningar og langan sýningartíma að ná þeirri aðsókn. Stærri salur mundi leiða til þess að það tæki lengri tíma að fylla salinn. Með 1.200 manna sal má búast við að sýningar yrðu á 2 - 3 vikna fresti. Það er ekki nægjanlegt til að halda listamönnum í nauðsynlegri æfingu og því þyrfti að æfa verkið upp fyrir hverja sýningu. Þess vegna myndi 1.200 manna salur litlu breyta fyrir rekstrarafkomu Íslensku óperunnar.

Í umræðum um salarstærðir er bent á, að þar til fyrir nokkrum árum hafi Finnska óperan og Gautaborgaróperan sýnt í húsum sem rúmuðu um 500 manns. Nú sýna þessar óperur í nýjum húsum sem rúma 1.200 - 1.400 manns en á þjónustusvæði þeirra býr meira en ein milljón manna. Þó munu þekkt verk ekki duga til þess að fylla þessi hús.

3.4 Tónleikahald

Mjög margir aðilar standa að tónleikahaldi á höfuðborgarsvæðinu; listafólk, félagasamtök og þeir sem eiga eða reka viðkomandi sali. Það er skoðun nefndarinnar að tónlistarhús þurfi að gera svo úr garði og haga rekstri þess þannig að það uppfylli þarfir sem flestra og starfsemi í húsinu verði sem blómlegust. Húsið þarf að vera til afnota fyrir allar tegundir tónleika, jafnt klassíska sem dægurtónleika.

Til að svo megi verða þurfa að vera a.m.k. tveir salir í húsinu, stór salur og lítill salur. Um heppilegar salarstærðir er fjallað í kafla 4.

Ef tekið er mið af "Könnun á tónleikahaldi 1995" má gera ráð fyrir að auk tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði um 80 aðrir tónleikar í stóra salnum. Nefndin áætla að fjöldi tónleika og tónleikagesta geti orðið sem segir í töflu 16, sbr. töflu 13:

Tafla 16. Tónleikar í stóra sal.

Tegund tónleika	Fjöldi tónleika	Fjöldi gesta
Kórar	37	32.375
Söngur	7	6.125
Dægurtónlist	16	14.000
Blandað	3	2.625
Jass	5	4.375
Lúðrasveit	8	7.000
Nemendatónleikar	3	2.625
Alls án sinfóníutónleika	79	69.125
Alls sinfóníutónleikum með	134	117.250

"Könnun á tónleikahaldi 1995" sýnir að á höfuðborgarsvæðinu eru haldnir um 600 tónleikar, sem gætu farið fram í minni sal tónlistarhússins. Nefndin telur eðlilegt að áætla að 150 - 200 tónleikar verði í minni sal hússins og árlegur fjöldi gesta verði rúmlega 40.000. Fjöldi tónleika og tónleikagesta er áætlaður sem segir í töflu 17, sbr. töflu 14.

Tafla 17. Tónleikar í litla sal.

Tegund tónleika	Fjöldi tónleika	Fjöldi gesta á ári
Söngur	27	6.615
Kammertónleikar	24	5.880
Dægurtónleikar	21	5.145
Einleikur	15	3.675
Nemendatónleikar	15	3.675
Duo	14	3.430
Jass	13	3.185
Kórar	12	2.940
Blandað	8	1.960
Quartett	8	1.960
Trio	6	1.470
Quintett	3	735
Lúðrasveit	2	490
Samtals	168	41.160

3.5 Starfsemi sem krefst leiksviðs

Viðmælendur nefndarinnar hafa ólíka afstöðu til þess hvort í húsinu eigi að vera starfsemi sem krefst leiksviðs. Áður er getið afstöðu Íslensku óperunnar einkum hvað varðar salarstærð í óperuhúsi. Svipuð viðhorf komu frá öðrum viðmælendum nefndarinnar.

Þeir sem telja að ekki þurfi leiksviðsaðstöðu í tónlistarhúsið, tilgreina m.a. eftirtaldar ástæður:

- Ópera og leikhús eigi frekar samleið. Ópera falli illa að því hlutverki hússins að vera heimili Sinfóníuhljómsveitarinnar.
- Hönnun tónlistarhúsa með tilliti til óperu gæti komið niður á hljómburði fyrir aðrar tegundir af tónlist, t.d. sinfóníutónlist.
- Til sé óperuhús, þ.e. Gamla bíó, sem lagfæra megi þannig að það verði mjög gott.

Jón Þórarinsson, tónskáld, stjórnarmaður í Samtökum um tónlistarhús, hefur með greinargerð skýrt nefndinni frá því hvers vegna hann telji að byggja eigi leiksvið við stærri sal tónlistarhússins. Á fund nefndarinnar hefur Stefán Baldursson Þjóðleikhússtjóri einnig komið og lýst sömu skoðun og stutt með mörgum þeim sömu rökum og Jón. Eftirtaldar ástæður eru meðal þess sem tilgreint er:

- Hvorki í Íslensku óperunni né í Þjóðleikhúsinu er í rauninni aðstaða til að flytja hinar viðameiri óperur.
- Mannfrekum og kostnaðarsömum sýningum á leiksviði yrði sköpuð hagkvæmari aðstaða en nú er til í landinu.
- Nýir möguleikar opnast til sýninga og skilyrði mundu skapast fyrir gestaleiki, með eða án söngs svo og heimsókn balletflokka.
- Notendahópur hússins yrði breikkaður til mikilla muna og nýting á stóra salnum aukin um allt að 70 viðburði á ári.

Nefndin telur það ekki vafamál að ýmsir möguleikar til margskonar menningarstarfsemi mundu opnast ef fullkomin leiksviðsaðstaða yrði byggð við stóra sal tónlistarhússins. Blómlegt tónlistarlíf í landinu, sem m.a. kom fram í “Könnun á tónleikahaldi 1995”, er þó að áliti nefndarinnar nægileg ástæða og röksemd fyrir byggingu tónlistarhúss.

3.6 Ráðstefnuhald

Mörg dæmi eru um það að tónlistarhús séu nýtt til ráðstefnuhalds. Nefna má tvö hús sem nefndin hefur kynnt sér, annarsvegar tónlistarhúsið í Kuopio og hinsvegar í Odense. Í Kuopio er ráðstefnuhald einskonar “aukabúgrein” og ekki að sjá að húsið hafi verið hannað með ráðstefnuhald í huga. Þar eru þó ráðstefnur haldnar 20-40 daga á ári. Í Odense er ráðstefnuhald mjög veigamikill þáttur í nýtingu hússins enda er það rekið af hóteli sem er sambyggt því.

Hugmyndir um að tengja saman tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð hafa verið til umræðu meðal áhugamanna um byggingu tónlistarhúss í a.m.k. fimm ár. Í október 1992 kynntu Samtök um tónlistarhús borgaryfirvöldum hugmynd um að byggja tónlistarhús/ráðstefnumiðstöð við Ingólfsgarð. Þá áttu samtökin á árinu 1994 óformlegt samstarf þar sem kannaðir voru möguleikar á tengingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar.

3.6.1 Ráðstefnumiðstöð í Reykjavík

Árið 1991 skipaði samgönguráðherra nefnd til að kanna möguleika á byggingu ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Á vegum nefndarinnar var gerð

úttekt á markaðsmöguleikum ráðstefnumiðstöðvarinnar á alþjóðlegum markaði. Að úttektinni unnu tvö íslensk ráðgjafafyrirtæki, Kynning og markaður (KOM) og Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar (VSÓ Ráðgjöf) í samstarfi við breska fyrirtækið Horwath Consulting, sem er þekkt alþjóðlegt fyrirtæki í ferðamálum.

Samkvæmt niðurstöðum úr markaðskönnuninni á Reykjavík mikla möguleika til að ná árangri á alþjóðlegum ráðstefnumarkaði. Til þess þyrfti m.a. að byggja sérhannaða ráðstefnumiðstöð með fullkomnum tækja- og tæknibúnaði. Talið var að í ráðstefnumiðstöðinni þyrfti að vera eftirfarandi funda- og þjónustuaðstaða:

- Aðalsalur sem rúmar allt að 1.000 manns í sæti.
- Tveir minni fundasalir fyrir 200 - 300 manns.
- Allt að 10 fundaherbergi af mismunandi stærðum, þau stærstu fyrir um 100 manns.
- Stórt anddyri sem getur jafnframt verið sýningarsvæði.
- Stór bar og veitingasalur með eldhúsi. Veitingaþjónusta þarf að anna um 1.000 manns.
- Þrjár litlar þjónustueiningar með síma og faxþjónustu og lítil viðskiptamiðstöð þar sem kaupa má skrifstofuþjónustu.
- Ýmiss konar stoðrymi þarf að vera í tengslum við ráðstefnumiðstöðina, svo sem geymslur með góðri aðkomu, skrifstofur, starfsmannaaðstaða og tækja-, tækni- og viðhaldsdeild.

3.6.2 Tenging tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar

Árið 1994 átti óformlegur hópur undir forystu Jóns Birgis Jónssonar ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu nokkra fundi, þar sem ræddir voru möguleikar á að þróa hugmyndir um ráðstefnumiðstöð í Reykjavík í samstarfi við aðila, sem vinna að verkefnum sem tengst gætu ráðstefnumiðstöðinni. Var þá tónlistarhús fyrst og fremst haft í huga en einnig var talið koma til greina að hótél tengdist ráðstefnumiðstöðinni á síðari stigum. Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar (VSÓ Ráðgjöf) var falið að vinna að áætlanagerð fyrir hópinn.

Hugmyndin um samtengingu ráðstefnumiðstöðvar og tónlistarhúss byggði m.a. á eftirtöldu:

- Nýta má sameiginlega rými og lækka þannig heildarstofnkostnað og rekstrarkostnað. Sem dæmi um sameiginleg rými má nefna anddyri og skála, veitingaaðstöðu og bílastæði.
- Einn aðili gæti fengið afnot af húsnæði annars, t.d. fengi ráðstefnumiðstöðin afnot af stórum sal tónlistarhúss þegar fjölmenn ráðstefna ætti í hlut.
- Hvorki ráðstefnumiðstöð né tónlistarhús verða byggð nema með framlagi opinberra aðila, ríkis og borgar. Samstaða og samstarf aðila er líklegra til að skila árangri heldur en samkeppni um takmarkað fjármagn.

Áætlað hefur verið að heildarstærð ráðstefnumiðstöðvar með þeirri aðstöðu sem lýst er í kafla 3.6.1 yrði rúmlega 10.000 m².

Ef ráðstefnumiðstöðin gæti nýtt sér sali tónlistarhúss og einnig yrði um nokkurt sameiginlegt rými að ræða, þá má áætla að heildarstærð þess rýmis sem ráðstefnumiðstöðin nýtti ein yrði um 3.800 m² minna. Er þá gert ráð fyrir að eftirfarandi rými „sparist“ í ráðstefnumiðstöðinni:

Stór salur (1.000 manns)	:	1.350 m ²
Fundasalur (300 manns)	:	400 “
Anddyri, skáli	:	1.650 “
Fatahengi, snyrtingar	:	450 “
Alls		<hr/> 3.860 m ²

Þá mundi samnýting bílastæða spara um 150 stæði.

Þannig má gera ráð fyrir að samtenging ráðstefnumiðstöðvar og tónlistarhúss lækki stofnkostnað ráðstefnumiðstöðvar um 650 m.kr. að virðisaukaskatti meðtöldum eða um 520 m.kr. án virðisaukaskatts.

Nefndin hefur ekki haft aðstöðu til að meta líklegt ráðstefnuhald í tónlistarhúsi með sambærilegum hætti og gert var fyrir tónleikahald. Með hliðsjón af reynslu frá tónlistarhúsum t.d. í Kuopio og Odense telur nefndin ekki óeðlilegt að áætla fjölda daga með ráðstefnu eða fundahaldi í sölum tónlistarhússins sem hér segir:

Stóri salur	:	50 dagar á ári
Litli salur	:	100 dagar á ári

3.6.3 Tenging tónlistarhúss við Hótel Sögu

Í áliðnum mars 1997 þegar nefnd um tónlistarhús var langt komin að móta skoðanir sínar voru henni kynntar hugmyndir um að tengja tónlistarhús við uppbyggingu á ráðstefnuaðstöðu Hótel Sögu. Hugmyndin er komin frá Guðbrandi Gíslasyni, sem kynnti hana fyrst fyrir forsvarsmönnum hótelsins og síðar, í samráði við þá, fyrir nefnd um tónlistarhús. Gerð er grein fyrir hugmynd Hótel Sögu í kafla 5.3.

3.6.4 Tenging tónlistarhúss við Perluna

Hjá Reykjavíkurborg hefur komið fram hugmynd um gerð tónlistarhúss í Öskjuhlíð, sem tengt yrði Perlunni. Gert er ráð fyrir því að tónlistarsalirnir séu um leið hluti ráðstefnuaðstöðu ásamt með eldhúsi og veitingasölum Perlunnar og smærri fundarsölum sem gerðir verði.

Gerð er nánari grein fyrir hugmynd Reykjavíkurborgar í kafla 5.4.

3.7 Önnur starfsemi sem tengd er tónlist

Á fundum með fulltrúum tónlistarlífsins hafa komið fram ýmsar hugmyndir um starfsemi sem tengja mætti tónlistarhúsi. Má þá nefna tónlistarbókasafn, minjasafn, tónlistarskóla og verslanir er selja vörur á tónlistarsviði.

Dæmi er um það að tónlistarskólar séu tengdir tónlistarhúsi og má í þeim efnum vísa til hússins í Kuopio, sem nefndin hefur kynnt sér. Í því tilviki hafði tónlistarskólinn til afnota minni sal hússins en að öðru leyti var vart um eiginlega samnýtingu húsnæðis að ræða. Augljóslega gaf þó skólinn húsinu aukið gildi og færði í það líf. Nefndin telur það utan við verksvið sitt að fjalla sérstaklega um þetta enda er tónlistarskóli hluti af Listaháskóla í framtíðarskipulagi listnáms.

Eðlilega hlýtur nótna- og bókasafn að tengjast Sinfóníuhljómsveit Íslands en það er þó álitamál hvort sérhæft tónlistarbókasafn sé ekki betur komið í tengslum við væntanlegan listaháskóla fremur en tónlistarhús.

Hvað varðar verslanir með tónlistarvörur telur nefndin að uppbygging slíkrar aðstöðu í tónlistarhúsi sé algerlega háð því hvort þeir sem slík viðskipti stunda sjái sér hag í að fjárfesta í húsnæði innan tónlistarhússins.

3.8 Þjónustustarfsemi

Það hefur komið fram hjá mörgum viðmælendum nefndarinnar að mikilvægt sé að hafa veitingahús tengt tónlistarhúsi. Er þá m.a. tilgreint að í veitingahúsi megi halda fámennari tónleika sem henta á slíkum stöðum, t.d. jassónleika.

Nefndin telur augljóst að aðstaða eigi að vera til léttra veitinga í anddyri eða forsal tónlistarhúss líkt og tíðkast í atvinnuleikhúsum borgarinnar. Hvort fullbúið veitingahús eigi að vera rekið í tónlistarhúsinu eða ekki, er að mati nefndarinnar ákvörðun sem þarf að byggjast á rekstrarlegum og fjárhagslegum forsendum.

Nefndin telur eðlilegt að ef veitingahús yrði tengt tónlistarhúsi þá yrði það fjármagnað af rekstraraðila þess. Hefur verið leitað álits veitingamanna á þeirri hugmynd. Reyndur og umsvifamikill veitingamaður, sem leitað var til taldi að enginn veitingamaður hefði yfir nauðsynlegu fjármagni að ráða til að kosta að öllu leyti uppbyggingu á veitingastað í tónlistarhúsi. Vandaður veitingarekstur ætti í erfiðleikum og framlegð væri lítil af rekstrinum. Ástandið væri skárra í ódýrari veitingasölu, t.d. á skyndibitamarkaði. Þetta væri þróun sem ætti sér stað um allan heim. Í ljósi þessara viðhorfa telur nefndin ekki rétt að gera ráð fyrir fullbúnum veitingastað í tónlistarhúsinu sjálfu.

3.9 Niðurstöður

Það er skoðun nefndarinnar að tónlistarhús eigi að uppfylla þarfir sem flestra þannig að starfsemi í húsinu verði sem blómlegust.

Þegar fjallað er um starfsemi í húsinu og þær kröfur sem húsið á að uppfylla, telur nefndin að mestu hljóti að ráða sjónarmið þeirra sem standa að tónlistarstarfinu, ýmist að eigin frumkvæði eða á vegum opinberra aðila.

Meginsjónarmið nefndarinnar varðandi starfsemi í húsinu eru sem hér segir.

Tónlistarhúsið verði aðsetur Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Nefndin er sammála þeim fjölmörgu fulltrúum íslensks tónlistarlífs sem á fund hennar hafa komið, um að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að eiga aðsetur í húsinu. Starf hljómsveitarinnar muni mynda kjarna þeirrar starfsemi sem fram fari í húsinu. Gera má ráð fyrir að hljómsveitin muni, þegar fram líða stundir halda um 55 tónleika árlega í húsinu, þar af 15 skólatónleika, og heildarfjöldi gesta verði um 50.000 á ári.

Tónlistarhúsið verði til afnota fyrir allar tegundir tónleika, jafnt klassíska sem dægurtónleika

Til að uppfylla þarfir sem flestra þurfa að vera a.m.k. tveir salir í húsinu, stór salur og lítill salur. Nefndin áætlað að fjöldi tónleika og tónleikagesta á ári verði sem hér segir:

Tafla 18. Áætlaður fjöldi tónleika og tónleikagesta.

	Fjöldi tónleika	Fjöldi gesta
Stór salur	134	117.000
Lítill salur	168	41.000
Alls	302	158.000

Tónlistarhúsið verði ekki byggt með leiksviðsaðstöðu

Það er sjónarmið nefndarinnar að Íslenska óperan hafi með öflugu starfi í 17 ár fest sig í sessi og hafi forystu um óperuflutning á Íslandi. Nefndin telur því að taka beri fullt tillit til sjónarmiða Íslensku óperunnar ef tónlistarhús yrði gert til óperuflutnings enda yrði þá húsið væntanlega heimili Íslensku óperunnar.

Með þetta í huga telur nefndin ekki rétt að gera tillögu að því að tónlistarhúsið verði byggt með leiksviðsaðstöðu m.a. af eftirtöldum ástæðum:

- Íslenska óperan, sem hefur forystu um óperuflutning á Íslandi telur að stóri salur tónlistarhússins með 1.200 - 1.300 sæti yrði alltof stór fyrir íslenskar aðstæður.
- Kostnaðarauki af leiksviðsaðstöðu yrði að lágmarki um 450 m.kr. Þeim fjármunum yrði ekki vel varið ef aðstaðan hentar ekki þörfum þess aðila sem helst stendur að óperuflutningi.
- Hætta er á því að hljómburður fyrir sinfóníska tónlist verði lakari þegar tónleikasalir eru byggðir með leiksviðsaðstöðu. Fullkomin sviðsaðstaða með turni og gryfju gerir hljóðtæknilega hönnun tónleikasalarins mun flóknari og erfiðara verður að tryggja að frábær hljómburður fyrir tónlistarflutning fái. Nefndin sér því ekki ástæðu til að stofna þannig besta fáanlega hljómburði í tónlistarhúsi í hættu, þar sem ekki er knýjandi þörf á slíkri aðstöðu.

Tónlistarhúsið á að vera til afnota fyrir ráðstefnur og fundi og tenging tónlistarhúss við ráðstefnaaðstöðu er mjög áhugaverð

Tónlistarhúsið gæti orðið góður stuðningur við ráðstefnuhald á höfuðborgarsvæðinu þegar um fjölmennar ráðstefnur og fundi væri að ræða. Ráðstefnu- og fundahald verður hinsvegar ekki umtalsvert í húsinu nema það tengist ráðstefnaaðstöðu. Samstarf tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar leiðir ekki aðeins til sparnaðar í fjárfestingu heldur hefur það einnig í för með sér rekstrarlegan ávinning.

Nefndinni hafa verið kynntar hugmyndir um að tengja tónlistarhús við uppbyggingu á ráðstefnaaðstöðu Hótel Sögu. Þá hefur Reykjavíkurborg lagt fram hugmynd um að tengja tónlistarhús við Perluna og ráðstefnaaðstöðu, sem þar yrði gerð. Nefndin telur að slík tenging geti aukið nýtingu á stóra sal hússins um 50 daga á ári og litla salnum um 100 daga á ári.

Hugmyndir Hótel Sögu byggja á því að tónlistarhúsið verði á milli hótelsins og Suðurgötu. Sú lóð er í eigu Háskóla Íslands og það er að sjálfsgöðu forsenda fyrir hugmyndinni að ásættanleg lausn finnist fyrir háskólann.

Það er skoðun nefndarinnar að hugmyndir Reykjavíkurborgar og Hótel Sögu um tengingu tónlistarhúss við ráðstefnaaðstöðu séu afar áhugaverðar.

Önnur starfsemi í tónlistarhúsinu á að ráðast af rekstrarlegum og fjárhagslegum forsendum

Nefndin telur að uppbygging aðstöðu fyrir þjónustustarfsemi á borð við verðslanir og veitingastað sé algerlega háð því hvort þeir sem slíka starfsemi reka, sjái sér hag í að fjárfesta í húsnæði innan tónlistarhúss eða tengdu því.

4. Hvernig á tónlistarhúsið að vera í meginráttum?

Nefndinni er ætlað að gera grein fyrir því hvernig tónlistarhúsið eigi að vera í meginráttum. Nefndin túlkar þetta ekki svo að hún eigi að leggja fram frumteikningar af húsinu heldur eigi að gera grein fyrir salarstærðum, aðstöðu listafólks og áheyrenda og helstu áhersluatriðum við hönnun hússins.

Þarfagreining ræðst einkum af þeirri starfsemi sem fram á að fara í húsinu en eins og áður segir er það álit nefndarinnar að starf Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði kjarni starfseminnar. Í eftirfarandi greinum er fjallað um þarfir Sinfóníuhljómsveitar Íslands og annarrar tónlistarstarfsemi og getið sjónarmiða er varða hljómburð. Gerð er grein fyrir nokkrum atriðum er varða aðra starfsemi en tónlistarflutning og loks eru niðurstöður kaflans teknar saman.

4.1 Þarfir Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Sinfóníuhljómsveitin starfar að meðaltali í um 9 mánuði á ári. Hún starfar ekki í u.þ.b. 3 mánuði á ári, yfir sumarið, jól og páska. Áskrifendur að tónleikum hljómsveitarinnar 1989 voru 569 og fer fjölgandi. Sérstaklega eftir að mismunandi tónleikaraðir voru teknar upp, en nú skiptast 1450 manns á hinar ýmsu tónleikaraðir. Alls sóttu 36.559 manns 70 tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar starfsárið 1995 og voru áskrifendur 1/4 af heildarfjölda. Yfirlit yfir starfsemi hljómsveitarinnar er sýnt í töflu 19. Hún æfir saman að meðaltali 3-4 tíma á dag. Æfingar hefjast að jafnaði kl.09:30 og standa til 12:45, en hljómsveitin hefur húsið til kl. 15:00. Þegar upptökur á geisladiskum standa yfir er vinnutími frá kl. 9:30 og getur staðið yfir fram á kvöld með hléum. Eitt af því sem háð hefur hljómsveitinni verulega er aðstaða fyrir séræfingar hópa. Vegna aðstöðuleysis hafa séræfingar verið í lágmarki, en erlendis þykja þær nauðsynlegur þáttur í starfsemi sinfóníuhljómsveita.

Tafla 19. Starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Starfspáttur	Fjöldi	Lýsing
Æfingar	200 dagar á ári	Æft mánudaga til föstudaga fimm daga vikunnar í 9 mánuði, þ.e., 200 æfingar 9:00-15:00. Samæfingar stundum síðdegis og/eða á kvöldin.
Séræfingar hópa		Fara fram í sérherbergjum og á sviði.
Tónleikar	30 tónl.	Opinberir tónleikar 30 talsins.
Skólatónleikar	15-20 tónl.	Fara fram á æfingartíma.
Aðrir tónleikar	20 tónl.	Vinnustaðaheimsóknir, tónleikar úti á landi og fleira.
Upptökur á geisladiskum	15-25 virkir dagar	Sinfóníuhljómsveitin hefur samkvæmt starfsmannasamningum rétt á að taka upp allt að 5 geisladiska á ári. Upptökutími fyrir hvern disk er um 5 dagar. Þann tíma þarf hljómsveitin að hafa stóra salinn ein og ótrufluð.

Opinberir tónleikar þar á meðal áskriftartónleikar eru 25. Aðrir tónleikar eru einkum skólatónleikar, vinnustaðaheimsóknir og tónleikar í kirkjum. Nýtingin á salnum er u.þ.b. 70%, en það fer mikið eftir tónleikum hver mætingin er og eru sumar tónleikaraðir vinsælli en aðrar. Ekki er óalgengt að nýting sé 100% á "léttari" tónleikum, en minni á öðrum "þyngri". Anddyri Háskólabíós er í minna lagi og mjög þröngt um tónleikagesti í hléi þegar húsið er fullt. Aðgangur er ekki seldur í vinnustaðaheimsóknum, en hins vegar er í flestum tilfellum um styrktarfyrirtæki að ræða.

Kjarasamningar við hljóðfæraleikara kveða á um heimild fyrir 6 laugardagstónleikum á ári án þess að fyrir komi sérstök greiðsla, en hins vegar hefur há húsaleiga aftrað hljómsveitinni frá því að nýta þessa heimild. Samningar hafa m.a. mótast af þeim aðstæðum í húsnæðismálum sem hljómsveitin býr við. Sem dæmi má nefna að erfitt er að hafa kóræfingar á morgnana, þar sem kórfélagar eru í vinnu, en á kvöldin er húsið í annarri notkun. Þar sem rekstur Háskólabíós er tvíþættur, þ.e. kvikmyndahús annarsvegar og tónleikahús hins vegar, er nauðsynlegt að rýma sviðið eftir hverja æfingu þar sem kvikmyndasýningar hefjast kl.17:00. Sérstaklega veldur þetta vandamálum þegar hljómsveitin er við upptökur á geisladiskum. Ennfremur er talsverður kostnaður fólginn í því að kaupa upp kvikmyndasýningar á tónleikadögum. Háskólabíó hefur sagt upp leigusamningi við Sinfóníuhljómsveitina, þar sem forráðamenn bíósins vilja fá til eigin afnota skrifstofuhúsnæði hljómsveitarinnar og geymslur. Ennfremur er óskað eftir hærri leigu en hún er nú um 12 milljónir króna á ári.

Í upprunalegri hönnun hússins var gert ráð fyrir flekum á veggjum salarins sem er snúið mismunandi eftir því hvort verið er að nota það fyrir tónleika eða bíósýningar. Forráðamenn Sinfóníuhljómsveitarinnar segja að hljómburður salarins sé ekki góður og sé það sérstaklega áberandi aftast í salnum þar sem hann sé hvað verstur. Við þær endurbætur sem hljómsveitin hefur staðið straum af undanfarin ár, og fólust m.a. í uppsetningu á flekum fyrir aftan og ofan við sviðið, hefur hljómburður batnað nokkuð, þá sérstaklega á sviði. Þrátt fyrir þessar aðgerðir er hljómburður engan veginn fullnægjandi. Áhugi er á því að setja upp fleka sitt hvoru megin á sviðið til þess að bæta hljómburð og útlit og afmarka geymsluaðstöðu.

Undir sviðinu er hvíldar- og kaffiaðstaða hljómsveitarinnar. Tveir hljómsveitarmeðlimir eru um hvern fataskáp. Upphitunar- og undirbúningsaðstaða konsertmeistara, einleikara og stjórnenda eru lítil gluggalaus herbergi án legubekks, sturtu eða annarra þæginda. Hljómsveitin sjálf hefur enga upphitunaraðstöðu. Kaffisalurinn er lítill og komast meðlimir hljómsveitarinnar tæplega fyrir þegar hún er fullskipuð, en þegar kórar eða fleiri tónlistarmenn bætast við verða þeir að taka út sína hvíld í anddyri hússins.

Engir opnanlegir gluggar eru á skrifstofum og er hitakerfi samtengt loftræstikerfi hússins. Ekki er mögulegt að opna hurðir út þar sem það hefur áhrif á starfsemi loftræstikerfisins í öðrum hlutum hússins. Að öðru leyti eru forráðamenn Sinfóníuhljómsveitarinnar nokkuð sáttir við skrifstofuaðstöðu, en kvörtuðu hins vegar yfir matar- og kaffiaðstöðu skrifstofufólksins sem er mjög lítil.

Til þess að fá sem gleggsta mynd af starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þörfum hennar og væntingum gekkst Nefnd um tónlistarhús fyrir því að hljóðfæraleikarar og starfsmenn hljómsveitarinnar skipuðu vinnuhóp, og eru niðurstöður hans í töflu 20.

Á fundunum með vinnuhópnum kom fram að misjafnt er hvað menn leggja áherslu á við hönnun tónlistarhúss. Í huga hljóðfæraleikaranna er góður hljómburður aðalatriðið ásamt aðstöðu hljóðfæraleikara, en starfsmenn

hljómsveitarinnar lögðu einnig mikla áherslu á að aðkoma að húsinu með tæki og tól væri eins þægileg og kostur er. Þeir lögðu líka mikla áherslu á að rými umhverfis svið þyrfti að vera til staðar til þess að gera tilfæringar á hljóðfærum auðveldari og til þess að auka geymslupláss.

Tafla 20. Greining á þörfum Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Rými	Ein	Stærð ein.	Lýsing
Stóri salurinn	1		Sæti fyrir 1300-1400 áheyrendur. Neðri salur rúmi 1000 manns, en svalir rúmi 300-400 manns. Með þessu móti væri hægt að halda 700 manna hlómleika án þess að húsið virtist tóm.
Svið í stóra sal	1	(15*23)=345 m ²	Pláss á sviði fyrir 100 manna hljómsveit og 200 manna kór. Sviðsgólf í einu plani með glussalyftu í stað palla.
Litli salur	1		350-400 sæti
Svið í litla sal	1	(15*10)=150 m ²	Æfingasvið þegar stóra svið væri í annarri notkun.
Sviðin	1		Séu í sama plani til þess að auðvelt sé að flytja tæki og hljóðfæri á milli sviða.
Kaffi- og hvíldaraðstaða	1	200-250m ²	Þyrfti að geta rúmað a.m.k. 150 manns, þ.e. stækkaða hljómsveit auk gesta. Kór er með Sinfóníuhljómsveitinni 1-3 sinnum á ári og yrði aðstaða að ráða við þann topp.
Salernisaðstaða			Í tengslum við kaffi- og hvíldaraðstöðu.
Slagverksherbergi	2	65+35m ²	Í sama plani og svið. Hljóðeinangruð 2 samliggjandi herbergi, alls 100m ² , sem skiptast í æfingaherbergi 65m ² og geymslu fyrir slagverkshljóðfæri 35m ² .
Flygilherbergi	1	45m ²	Geymsla fyrir flygla og Celesta.
Hörpuherbergi	1	15-20m ²	Geymsla fyrir hörpu, en nýttist einnig sem upphitunarherbergi hörpuleikara. Í sama plani og svið.
Tréblástursherbergi	1	30-35m ²	Æfingaherbergi fyrir 16-20 tréblástursleikara. Skápar fyrir föt og persónulega muni.
Málmblastursherbergi	1	30-35m ²	Æfingaherbergi fyrir 16-20 málmblastursleikara. Skápar fyrir föt og persónulega muni.
Strengjaherbergi	2	50m ²	Æfingaherbergi fyrir strengjaleikara sem hægt er að opna á milli alls 100m ² . Skápar fyrir föt og persónulega muni. Nýttist einnig sem aðstaða fyrir upphitun kóra.
Bassaherbergi	1	20m ²	Geymsla fyrir kontrabassa.
Einstaklingsherbergi	6	10-15 m ²	Sex æfinga og upphitunarherbergi 10-15 m ² hvert (alls 60-90 m ²), sem nýtast einnig fyrir söngvara.
Herbergi konsertmeistara	1	15m ²	Herbergi með snyrtingu ásamt vinnuaðstöðu.
Herbergi hljómsveitarst.	1	15-20 m ²	Herbergi með snyrtingu ásamt vinnuaðstöðu. Píanó, sófi og skrifborð.
Herbergi einleikara	2	15 m ²	Tvö herbergi 15 m ² hvort með snyrtingu, hljóðfæri og sófa. Alls 30 m ² .

Herbergi umsjónarmanns	1	10-15m ²	Skrifstofa
Herbergi starfsmannastjóra	1	10-15m ²	Skrifstofa
Aðstaða fyrir sviðs- og tæknimenn	1	20-30m ²	Aðstaða fyrir föt og persónulega muni auk þess að vera hvíldaraðstaða og aðstaða fyrir litla vinnufundi.
Tæknirými	1	20-30m ²	Rými fyrir ljósameistara og fleiri tæknimenn með gott útsýni yfir sviðið.
Verkstæði	1	100m ²	Viðgerðarverkstæði fyrir ljós, hljóð og annan sviðsbúnað.
Nótnabókasafn	1	50m ²	Sem næst vinnustað hljómsveitar
Skrifstofur hljómsveitarinnar	1	200-250m ²	Skrifstofur fyrir framkvæmdastjóra, fjármálastjóra, tónleikastjóra og aðra starfsmenn hljómsveitarinnar.
Hljóðver	1		Upptökuherbergi sem gefi möguleika á fullvinnslu á hljóði sem tekið er upp í sölum hússins. Möguleiki á upptökum og beinum útsendingum af stóra og litla sviði.

4.2 Þarfir annarrar tónlistarstarfsemi

Nefndin hefur rætt við fjölmarga aðila sem standa fyrir tónleikahaldi á höfuðborgarsvæðinu og kannað hvaða þarfir húsið þarf að uppfylla vegna almennrar tónlistarstarfsemi.

Aðilar voru sérstaklega beðnir að tjá sig um salarstærðir í húsinu miðað við að þar yrðu tveir salir.

Niðurstöður urðu þessar:

Tafla 21. Sjónarmið varðandi salarstærð.

Viðmælandi	Stóri salur	Litli salur
Félag ísl. hljómlistarmanna	1.200 - 1.400	500
Félag ísl. tónlistarmanna	1.200 - 1.500	250 -350
Aðilar úr kórstarfi	1.300	500
Kammermúsikkúbburinn	-	350 - 400
Tónlistarráð/tónskáldafélag	1.200 - 1.500	250 - 300

Viðhorf viðmælenda eru því að stóri salurinn ætti að rúma 1.200 - 1.500 manns og er miðgildið 1.325 manns. Ólík viðhorf eru hvað varðar stærð minni salarins en þar eru nefndar stærðir frá 250 og upp í 500.

Greinilegt er að þeir sem einkum hafa kammertónlist í huga vilja hafa salinn minni eða 250 - 400 manna. Önnur starfsemi, t.d. kórar, virðist hinsvegar sækjast eftir stærri sal eða allt að 500 manna.

Þarfir fyrir aðstöðu baksviðs virðast rúmast vel innan þarfagreiningar Sinfóníuhljómsveitarinnar enda ekki gert ráð fyrir að það rými sé til einkaafnota fyrir hljómsveitina nema að hluta til.

4.3 Hljómburður

Eins og við er að búast lögðu allir viðmælendur nefndarinnar áherslu á að hljómburður í báðum sölum hússins yrði eins og hann gerist bestur í erlendum tónlistarhúsum. Undantekningarlaust voru viðmælendur sammála um að hljómburður í stóra salnum ætti að miðast við sífóníska tónlist.

Mikil framþróun hefur orðið í hljóðtæknihönnun á síðustu 10 árum. Þar sem best hefur tekist til hafa menn dregið lærdóm af gömlum, frægum tónleikasölum og jafnframt nýtt sér nýjustu tölvutækni við hönnun salanna.

Nefndin hefur kynnt sér sjónarmið bandarískra ráðgjafa á þessu sviði, Artec Consultants, en það fyrirtæki var stofnað af Russel Johnson sem verið hefur ráðgjafi við hönnun fjölmargra tónlistarhúsa víða um heim. Ráðgjafar þessir hafa styrkt nefndina í þeirri skoðun að til að ná hljómburði eins og best þekkist þurfi hljóðtæknilegar forsendur að ráða hönnun frá upphafi. Nefndin vill í þessu sambandi leggja áherslu á eftirtalin atriði m.a.:

- Að salurinn hafi heppilega lögun í grunnfleti og loft í salnum hafi rétta lögun. Hljómtæknilegar forsendur sem og hljómburður í þekktum tónlistarhúsum benda til þess að “skókassalögun” eða það að salur þrengist lítið eitt aftur og loft lækki lítið eitt aftur, leiði til góðs hljómburðar. Slík lögun tryggir jafna hljóðdreifingu yfir allan salinn.
- Að rými salarins sé nægilega mikið til þess að hágæðahljómburður náist fyrir sífóníska tónlist.
- Svið og salur skulu mynda eitt hljóðrými.
- Gerð svalanna sé þannig að þær spilli ekki hljómburði, þ.e. þær nái ekki of langt inn yfir salinn og halli ekki of mikið.
- Að föst, þung efni séu notuð í innréttingu og frágang salarins, þannig að hljóðorkan haldist á salnum.

4.4 Þarfagreining vegna ráðstefnuhalds

Ef tónlistarhús tengist ráðstefnuaðstöðu þurfa báðir salir þess að vera með fullkomnum tækja- og tæknibúnaði til ráðstefnuhalds. Túlkaþjónusta þarf að vera í báðum sölum. Anddyri hússins þarf að vera í sem bestum tengslum við fundasali og fundaherbergi ráðstefnuaðstöðu. Anddyri þarf að vera hægt að nýta sem sýningarsvæði.

4.5 Niðurstöður

Það er skoðun nefndarinnar að hönnun hússins eigi að uppfylla eftirtaldar kröfur.

Tveir hljómleikasalir eiga að vera í tónlistarhúsinu, stór salur fyrir 1.200 - 1.300 manns og lítill salur fyrir 300 - 400 manns.

Tilkoma tónlistarhúss mun auka aðsókn að tónleikum, hér sem annarsstaðar. Með hliðsjón af aðsókn að tónleikum Sífóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói þykir nefndinni eðlilegt að stóri salur tónlistarhússins rúmi 20 - 30% fleiri áheyrendur en Háskólabíói. Stærð salar hefur fjárhagslega þýðingu fyrir tónleikahald, t.d. þegar um erlenda listmenn er að ræða. Eðlilegt er að nýr salur rúmi fleiri gesti en þeir salir sem fyrir eru, m.a. vegna aðstöðu til ráðstefnu- og fundahalda.

Árið 1995 voru haldnir rúmlega 600 tónleikar á höfuðborgarsvæðinu með minna en 400 tónleikagesti. Enda þótt sérhannaður 300 manna tónleikasalur verði gerður í Kópavogi er full þörf á öðrum slíkum í

tónlistarhúsinu. Litli salurinn þarf að þjóna almennri tónlistarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu og einnig þarf þar að vera æfingaaðstaða fyrir Sinfóníuhljómsveitina þegar stóri salurinn er í annarri notkun.

Hljómburður í tónlistarhúsinu á að vera eins og hann gerist bestur og hljómburður í stóra salnum á að miðast við símfóníska tónlist.

Nefndin telur mikilvægt að hljóðtæknilegar forsendur ráði hönnun salanna frá upphafi. Með því móti næst bestur árangur með minnstum tilkostnaði.

Tónlistarhúsið yrði heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þarf að ætla hljómsveitinni aðstöðu í samræmi við þarfagreiningu.

Nefndin telur þarfagreiningu, sem unnin var í samráði við vinnuhóp hljómsveitarinnar eðlilegan grundvöll að hönnun tónlistarhússins. Áætlað er að það rými sem hljómsveitin muni þurfa til einkaafnota verði 1.100 - 1.200 m² að flatarmáli.

Tónlistarhúsið þarf að uppfylla þarfir þeirra fjölmörgu aðila sem standa fyrir tónleikahaldi á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin telur að með tveimur sölum, 1.200 - 1.300 manna og 300 - 400 manna, og þeirri aðstöðu baksviðs sem lýst er í þarfagreiningu vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, verði vel séð fyrir þörfum almennrar tónlistarstarfsemi.

Báðir salir tónlistarhússins þurfa að hafa aðstöðu og búnað til ráðstefnuhalds.

5. Hvar á tónlistarhúsið að rísa ?

Nefndinni er ætlað að gera tillögu að staðsetningu tónlistarhússins. Leitað var eftir sjónarmiðum viðmælenda nefndarinnar en fæstir lögðu mikla áherslu á það hvar tónlistarhúsið yrði staðsett.

5.1 Staðsetning í Laugardal

Samkeppni sem Samtök um tónlistarhús stóðu fyrir 1985/1986 miðaðist við að tónlistarhúsið yrði í Laugardal, þar sem Reykjavíkurborg hafði lagt til lóð, austast á spildunni milli Engjavegar og Suðurlandsbrautar. Telja verður að á sínum tíma hafi verið góð sátt um þessa staðsetningu í hópi tónlistarfólks.

Laugardalur er að mörgu leyti heppilegur staður fyrir tónlistarhús, m.a. af eftirtöldum ástæðum:

- Lóðin er hagstæð með tilliti til kostnaðar. Grundunarskilyrði eru væntanlega góð og bílastæði valda ekki óhóflegum aukakostnaði og gætu nýst með annarri starfsemi í dalnum, svo sem Fjölskyldugarðinum.
- Laugardalurinn er og verður afar skemmtilegt útivistarsvæði og hæfir vel fyrir menningarhús.
- Ef litið er til höfuðborgarsvæðisins í heild, þá yrði tónlistarhúsið staðsett miðsvæðis.

Ýmsum þykir miklu varða að veitingastaðir séu nærri tónlistarhúsinu. Ekki er ólíklegt að tilkoma hússins ýtti undir það að veitingastöðum fjölgaði í grennd við húsið.

5.2 Staðsetning í miðborginni

Þeir viðmælendur, sem á annað borð lögðu áherslu á staðsetningu tónlistarhússins töldu að keppa bæri að staðsetningu í miðborginni. Þannig yrði húsið í nálægð við aðrar menningarstofnanir og mörgum þykir eftirsóknarvert að stutt sé í veitingastaði.

Almennt gildir um staðsetningu tónlistarhúss í miðborginni að hafa þarf í huga að bílastæði fáist án þess að leggja þurfi í mikinn kostnað. Það virðist raunar vera forsenda fyrir staðsetningu í miðborginni að húsið samnýti bílastæði með annarri miðbæjarstarfsemi. Við staðsetningu í miðborginni þarf ennfremur að vera tryggt að flugumferð trufli ekki starfsemi í húsinu, svo sem hljóðupptökur.

Nefndin sér ekki marga möguleika á staðsetningu í miðborginni. Nefnd hefur verið lóð milli Tryggvagötu og Kalkofnsvegur, sunnan Pósthússtrætis, þar sem nú eru bílastæði. Þessi lóð sem er innan við 5000 m² er að áliti nefndarinnar of lítil og mundi m.a. vegna lögunar sinnar setja hönnun hússins þröngar skorður.

Fyrir nokkrum árum vöknudú hugmyndir um að byggja tónlistarhúsið við höfnina, við Ingólfsgarð. Það sem einkum mælir gegn slíkri staðsetningu er kostnaðarauki vegna þess að kaupa þarf upp húseignir á svæðinu, auk þess sem dýrt yrði að koma bílastæðum fyrir og/eða gönguleiðir að þeim ógreiðar.

5.3 Staðsetning hjá Hótel Sögu

Nefndin telur afar áhugavert að kanna til hlítar möguleika á að tengja tónlistarhúsið við ráðstefnumiðstöð á Hótel Sögu.

Hugmyndir Hótel Sögu byggja á því að tónlistarhúsið yrði byggt milli hótelsins og Suðurgötu. Sú lóð er í eigu Háskóla Íslands. Háskólanum er kunnugt um þessa hugmynd en ekki hefur verið samið við hann um framsal lóðarinnar. Það er að sjálfsögðu forsenda fyrir hugmyndinni að ásættanleg lausn finnist fyrir háskólann.

Hugmynd Hótel Sögu:

Eftirfarandi er lýsing á hugmynd Hótel Sögu að tengingu hótelsins við tónlistarhús, sem tekin var saman af Konráð Guðmundssyni hótelstjóra og Garðari Halldórssyni arkitekt hótelsins:

Við undirbúning á fyrirhugaðri stækkun á ráðstefnu- og veislusölum Hótels Sögu hafa vaknað hugmyndir um að skoðaðir verði möguleikar á að tengja byggingu fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhús við austurhlíð hótelsins.

Það virðist liggja mjög vel við að tengja starfsemi þessara eininga saman í eina byggingu. Öll tengsl milli eininganna virðast geta orðið þjál og aukið á fjölbreytileika og rekstrarhagkvæmni. Með slíkri samtengingu næst fram meira og ánægjulegra umhverfi svo og þjónustuframboð fyrir gesti beggja rekstrareininganna. Nálægðin við Háskólabíó og Þjóðarbókhöllu geta einnig verið slíkum rekstri mikilvæg. Öll slík samþjöppun styrkir og Háskólasvæðið í heild.

Lausleg lýsing hugmynda:

1. Skv. hugmyndum sem legið hafa fyrir um stækkun Hótel Sögu þá er miðað við að byggð verði tveggja hæða bygging til austurs að núverandi götu (Arngrímsgötu).
2. Þar fyrir austan og allt að Suðurgötu mætti halda áfram tveggja hæða byggingu sem tveir misstórir tónleika- og ráðstefnusalir risu upp úr. Lágbyggingarnar ætti síðan að tengja saman yfir Arngrímsgötu þannig að úr yrði ein bygging.
3. Hluti af lágbyggingunni yrði opinn í gegnum báðar hæðir með gleri í þaki, en þar yrði samtenging allra rekstrareininganna, eins konar markaðstorg þar sem þessi fjölbreytta starfsemi mætist.
4. Inngangur gesta í tónleika- og ráðstefnusali svo og helstu veitingasali hótelsins yrðu frá þessu markaðstorgi.
5. Markaðstorgið gæti verið eins og yfirbyggð göngugata með ýmis konar þjónustu tengdri aðalstarfsemi eininganna svo sem kaffistofu, veitingastað, bar, ferðaskrifstofu, banka, smávöruverslun (m.a. minjagripir) svo og miðasölu.
6. Markaðstorgið gæti orðið vettvangur fyrir stórar móttökur og jafnvel nýst sem sýningasvæði tengt ráðstefnum.
7. Til vesturs frá markaðstorginu yrði t.d. gengið í nýjan aðalsal hótelsins á 2. hæð. Sá salur yrði með bein tengsl við Súlnasal hótelsins sem og núverandi þingstofur (ráðstefnuaðstöðu). Til vesturs yrðu bein tengsl á jarðhæð við gestamóttöku hótelsins.
8. Til austurs frá markaðstorginu yrði t.d. gengið inn í báða aðal tónleika- og ráðstefnusalina, þann stærri með 1.200 - 1.300 sætum og þann minni með 300 - 400 sætum.

9. Í lágbyggingunni austanverðri yrði komið fyrir baksvæðum tónleika- og ráðstefnusalanna svo og annarri starfsemi þeirra rekstrareininga. Sú starfsemi yrði bæði meðfram Brynjólfsgötu og Guðbrandsgötu.

Aðalaðkoma að þessari samtengdu byggingu, þ.e. að markaðstorginu, yrði bæði frá suðri (Brynjólfsgata) og norðri (Guðbrandsgata). Tveir megin inngangar gera umferðarflæðið þjálla um leið og tengslin við bílastæðin verða aðgengilegri.

5.4 Staðsetning í Öskjuhlíð

Hjá Reykjavíkurborg hefur komið fram hugmynd um gerð tónlistarhúss í Öskjuhlíð með þeim hætti að tónleikasalirnir yrðu neðanjarðar en tengdir Perlunni með lyftum og þannig væri nýtt aðstaða sem fyrir er í Perlunni; anddyri, veitingasalir og eldhús. Hugmynd þessi var kynnt menntamálaráðherra á fundi 20. maí sl. og þar var afráðið að hún yrði lögð fyrir nefnd um tónlistarhúss í því skyni að nefndin gæti gert grein fyrir henni í greinargerð sinni ásamt öðrum hugmyndum sem fram hafa komið um gerð tónlistarhúss.

Nefndin telur að hér gert verði um mjög sérstætt og áhugavert verkefni að ræða ef vel til tekst.

Hugmynd Reykjavíkurborgar:

Eftirfarandi er lýsing á hugmynd Reykjavíkurborgar um staðsetningu og gerð tónlistarhúss í Öskjuhlíð. Til frekari skýringar er yfirlitsmynd á bls 51.

Eftirfarandi hugmynd hefur verið sett fram af hálfu Reykjavíkurborgar um staðsetningu og gerð tónlistarhúss.

Lýsing:

Tveir tónlistarsalir, 1300 og 400 manna, verða gerðir neðanjarðar á 15-20 m. dýpi suðvestan við Perluna. 240 m. löng göng verða boruð úr stæðum eldsneytisgeymanna sunnan Keiluhallarinnar í átt að Perlunni. Þau enda í 30 x 70 m. gryfju er geymir salina. Henni verður lokað með þaki hvílandi á burðarbitum og jarðvegur yfir þannig að ummerki sjáist lítil eða ekki ofanjarðar

Salirnir tengjast með stökk upp í einn vatnsgeyminn undir Perlunni með tveimur afkastamiklum lyftum og stigum. Jarðhæð og kjallari Perlunnar verður anddyri tónlistarhússins, með snyrtingum, fatahengi og setkrókum.

Núverandi bílastæðum Perlunnar verður fjölgað og þau sett á tvær hæðir, en inngangur verður af neðri hæðinni í kjallara Perlunnar.

Frá tónlistarsölunum liggur gangur, u.þ.b. 6x6 m., til suðvesturs. Þau verða nýtt til efnisflutninga á byggingartíma, síðan undir lagnir, þungaflutninga inn í salina og sem gönguleið. Út úr göngunum má gera ýmis hliðarrými; undir verslanir, upptökurými, fundi o.s.frv. Gangnamunninn verður í minjum frá stríðstímanum, sem verða varðveittar en lagaðar að þessu hlutverki. Um göngin mun liggja fjölfarin gönguleið inn í salina og upp í útsýnishæðir Perlunnar.

Vinnustöðvar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, aðrar en salirnir, verða í námunda við þá en nær yfirborði, þannig að ofanljóss nýtur og hliðarljóss í einhverjum mæli. Þar er jafnframt neyðarútgangur.

Gert er ráð fyrir að í einum vatnsgeymanna verði skrifstofu- og fundaraðstaða Sinfóníuhljómsveitarinnar. Geymarnir eru um 400 fermetrar

að flatarmáli, gerð verða milligólf í þá og gluggar út og inn í anddyri Perlunnar.

Gert er ráð fyrir að tónlistarsalirnir séu um leið hluti ráðstefnuaðstöðu ásamt með eldhúsi/veitingasölum Perlunnar og smærri fundarsölum sem gerðir verða í enn einum vatnsgeymi og/eða í hliðarrýmum út úr aðkomugöngunum.

Frumathuganir benda til að "fokheldiskostnaður" þessa mannvirkis fari ekki fram úr 500 mkr. og því er ekki séð að þessi byggingarmáti muni leiða til hærri stofnkostnaðar en sérbyggt tónlistarhús í Laugardal. Nákvæmur kostnaðarútreikningur og kostnaðarsamanburður hefur hinsvegar ekki farið fram

Kostir:

Bergið í Öskjuhlíð mun auðunnið og borun/sprengingar fljótunnar, jafnvel má gera ráð fyrir að "fokheldisstigi" yrði náð á 6-8 mán.

Stofnkostnaður þessa mannvirkis virðist áþekkur því að tónlistarhús yrði sérstaklega byggt; vissir kostnaðarþættir eru lægri (ytra byrði, einangrun, lóð), óvissuþættir hinsvegar fleiri.

Aðstaða sem fyrir er í Perlunni nýtist og með því sparast hluti stofnkostnaðar (anddyri, veitingasalur, eldhús, bílastæði). Þessi aðstaða í Perlunni hefur að auki verið vannýtt hingað til og til rekstrarins þar renna árlega verulegar niðurgreiðslur frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Með þessu móti verður til ráðstefnuaðstaða, sem tekur því fram sem verið hefur hérlendis. Mörgum hefur þótt miður að ekki væri unnt að nýta svo stóran sal í því skyni með öðru. Næsta ólíklegt er að opinberir aðilar muni í bráð kosta til slíkrar aðstöðu sérstaklega.

Perlan, sem óneitanlega hefur verið umdeilt mannvirki, fær jákvæðari ímynd og tónlistarflutningur Sinfóníuhljómsveitarinnar stórbrotna og eftirtektarverða umgjörð.

Hér verður um sérstætt mannvirki að ræða og væntanlega þessháttar að allir Íslendingar mundu sækja staðinn heim og flestir gestir gera sér ferð að skoða hann í tengslum við útsýnishæðir Perlunnar.

Í hugmyndinni felst ýmiskonar sveigjanleiki (nýtingarmöguleikar vatnsgeymanna, "viðbyggingarmöguleikar" út úr göngunum nú eða síðar) og unnt er að áfangaskipta verkefninu umfram það sem sérbyggt hús leyfir.

Tónlistarhús á þessum stað liggur vel við umferð og er tiltölulega skammt frá bæði Miðbænum og Kringlusvæðinu, hún er inni í náttúruvin án þess að raska né spilla umhverfinu.

Það felast engin sérstök hljóðtæknileg vandamál í því að hafa tónlistarsali neðanjarðar. Hljóðmengun er ekki trafali neðanjarðar, en hún væri vandamál varðandi viðkvæmar upptökur á flestum öðrum stöðum.

Rekstrarforsendur tónlistarsalanna á þessum stað eru á ýmsan veg hagkvæmar; niðurgreiðsla á rekstri Perlunnar mun væntanlega minnka og koma að viðtækari notum en nú er. Vissir rekstrarþættir verða lágir samanborið við sérbyggt hús, svo sem hitunarkostnaður á flatareiningu, viðhald og hirðing lóðar sem og viðhald húss að utan.

Efni sem losnar við gröft og borun má koma í verð.

Áður fyrirhuguð lóð í Laugardal losnar til annarra nota.

Gallar:

Vinnustöðvar hljómsveitarmanna í Sinfóníuhljómsveit Íslands verða að mestu neðanjarðar og f.o.f. með ofanljósi.

Gera verður ráð fyrir afkastamiklum og dýrum lyftum milli sala og anddyris.

Nokkur en lítill hluti fólks finnur til vanlíðunar að vera neðanjarðar.

Núverandi heimreið að Perlunni er seinfarin og þarf sennilega lagfæringar við.

5.5. Staðsetning við Kringlutorg

Þórhildur Þorleifsdóttir, leikhússtjóri, hefur á fundi með nefndinni kynnt hugmynd um að byggja tónlistarhúsið við Kringlutorg, á horni Listabrautar og Kringlu gegnt Borgarleikhúsinu. Kæmi þá til álita að tengja saman og nýta sameiginlega anddyri tónlistarhúss og Borgarleikhúss. Að sögn Þórhildar hefur Borgarleikhúsið verið eftirsótt til ráðstefnu og fundahalds og telur hún að húsin gætu unnið saman á þeim vettvangi.

Nefndin er þeirrar skoðunar að umrædd lóð rúmi vart jafnstóra byggingu og tónlistarhúsið, með 4000-5000 m² grunnfleti. Mikil bílastæðapörf yrði vegna tónlistarhússins og vafasamt að húsið geti samnýtt með Kringlunni núverandi bílastæði hennar. Þá þarf að hafa í huga að svo umfangsmikil framkvæmd sem bygging tónlistarhússins yrði, krefst mikils athafnasvæðis sem ekki er fyrir hendi.

5.6 Niðurstöður

Það er skoðun nefndarinnar að bæði hugmynd Reykjavíkurborgar um staðsetningu í Öskjuhlíð og hugmynd Hótel Sögu um staðsetningu við Suðurgötu komi til álita. Nefndin telur að kanna eigi hagkvæmni beggja hugmyndanna, leggja mat á kosti þeirra og galla, stofnkostnað og fjármögnunarmöguleika sem og rekstrarskilyrði.

Nefndin sér enga þá annmarka á hugmynd Reykjavíkurborgar um tónlistarhús í Öskjuhlíð, að ekki sé unnt að fullnægja þeim kröfum sem geri eigi til tónlistarhúss.

Nefndin telur að kanna beri til hlítar hvort unnt sé að staðsetja tónlistarhúsið við Hótel Sögu. Ræða þarf við Háskóla Íslands um möguleika á lóð og kanna þarf möguleika til að koma fyrir bílastæðum.

Ef tenging tónlistarhúss við Perluna eða Hótel Sögu reynist ekki góður kostur þá telur nefndin að heppilegast sé að reisa húsið í Laugardal þar sem Reykjavíkurborg hefur lagt Samtökum um tónlistarhús til lóð.

Yfirlitsmynd

6. Hverjir eiga að fjármagna tónlistarhúsið ?

Nefndinni er ætlað að leggja fram hugmyndir um það hverjir eigi að fjármagna tónlistarhúsið. Hugmyndir þessar eru aðeins á ábyrgð nefndarinnar og á engan hátt skuldbindandi fyrir hlutaðeigandi.

Eðlilegt er að fjármögnun hússins ráðist af þeirri meginstarfsemi sem þar fer fram. Nefndin kys að leggja fram nokkrar hugmyndir um fjármögnun og má greina þær í tvo flokka. Annarsvegar þar sem tónlistarhúsið er tengt ráðstefnuaðstöðu og hinsvegar ef það er byggt eitt og sér. Þessum hugmyndum er lýst í eftirfarandi kafla en einnig er þar gerð grein fyrir frumáætlun um kostnað við tónlistarhúsið.

6.1. Frumáætlun um kostnað

Menntamálaráðuneytið fól VSÓ Ráðgjöf að gera áætlanir um kostnað við byggingu tónlistarhússins.

Kostnaður við tónlistarhúsið er að lágmarki áætlaður 1.550 m.kr. Er þá miðað við þá starfsemi og þarfagreiningu sem lýst er hér að framan.

Kostnaðaráætlun er að verulegu leyti byggð á byggingarnefndarteikningum Guðmundar Jónssonar arkitekts frá mars 1988 sem gerðar voru fyrir Samtök um tónlistarhús. Gert ráð fyrir því að lækka megi kostnað umtalsvert með breytingum á hönnun og útfærslum og með því að fella burt leiksviðsaðstöðu.

6.1.1 Kostnaðaráætlun

Kostnaður við byggingu hússins miðað við teikningar Guðmundar Jónssonar frá mars 1988 er áætlaður sem hér segir:

Tafla 22. Byggingarkostnaður tillögu frá 1988

	Stærð m ²	Kostnaður m.kr.
Gestarými	2.087	324
Hljómleikasalir	2.992	681
Aðstaða listamanna	2.240	289
Umferðarleiðir	576	108
Skrifstofur, þjónusta	283	43
Geymslur, tæknirými	1.729	158
Veitingaaðstaða	604	89
Alls	10.511	1.692
Hönnun, verkefnisstjórn	eftirlit,	220
Alls		1.912

Áætlað er að byggingarkostnaður mundi lækka um a.m.k. 275 m.kr. ef leiksviðsaðstöðu yrði sleppt. Leiksviðsaðstaða krefst sviðsbúnaðar, sem áætlað er að kosti 150 - 200 m.kr. Kostnaðarauki vegna leiksviðsaðstöðu yrði því um 450 m.kr.

Í þarfagreiningu nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir veitingaaðstöðu í tónlistarhúsinu og lækkar það kostnað um 89 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að með breyttri hönnun og útfærslu megi að auki lækka kostnað um 170 m.kr.

Heildarkostnaður við tónlistarhúsið er þá að lágmarki áætlaður:

Byggingarkostnaður skv. framansögðu	:	1.912 m.kr.
Lækkun vegna leiksviðsaðstöðu	:	275 “
Lækkun vegna veitingaaðstöðu	:	89 “
Lækkun vegna breytinga á útfærslu og hönnun	:	170 “
Alls	:	1.378 m.kr.
Lóðarfrágangur	:	50 “
Gatnagerðargjöld ofl.	:	52 “
Laus búnaður og tæki, án sviðsbúnaðar	:	70 “
Samtals		1.550 m.kr.

6.1.2 Kostnaðarskipting

Kostnaði við húsið má skipta í þrjá hluta. Stóra salinn, litla salinn og það rými sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefði til einkaafnota, svo sem skrifstofur, búningsaðstöðu hljómsveitarinnar, geymslur ofl.

Tafla 23. Kostnaðarskipting

	Stærð m ²	Kostnaður m.kr.	Skipting		
			Rými Sí	Stóri salur	Litli salur
Gestarými	1.950	232		181	51
Hljómleikasalir					
Stóri salur	2.040	403		403	
Litli salur	520	105			105
Aðstaða listamanna					
Almenn	500	60		47	13
Sérstök	230	49	27	18	4
Æfingar ofl.	630	91	52	30	9
Skrifstofur, þjónusta	280	36	36		
Geymslur Sí	130	10	10		
Alls (skiptitölur)	6.280	986	125	679	182
Geymslur, tæki	1.280	106			
Umferðarleiðir	560	100			
Hönnun, eftirlit, verkefnastjórn		183			
Alls	8.120	1.375			
Lóðarfrágangur		50			
Gatnagerðargjöld		55			
Laus búnaður, tæki		70			
Heild		1.550	197	1.067	286

Kostnaðarskipting miðast við það, að hlutdeild sala í gestarými og aðstöðu listamanna ráðist af áhorfendafjölda. Skipting á sameiginlegum kostnaðarliðum ræðst af kostnaði einstakra hluta.

Hlutfallsleg skipting kostnaðar yrði þannig:

– Rými Sinfóníuhljómsveitar	:	197 m.kr.	12,7%
– Stóri salur	:	1.067 m.kr.	68,8%
– Litli salur	:	286 m.kr.	18,5%

6.2 Tónlistarhús byggt eitt og sér

Nýting hússins yrði í meginatriðum tvíþætt. Annarsvegar yrði tónlistarhúsið heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hinsvegar yrði það vettvangur fyrir almenna tónlistarstarfsemi í Reykjavík og raunar á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Hugmyndir nefndarinnar byggja á því að fjármögnun tónlistarhússins taki mið af áætlaðri nýtingu þess. Í ljósi þess leggur nefndin fram hugmyndir um að hlutdeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé fjármögnuð af þeim aðilum sem kosta rekstur hennar, þ.e. ríki (og RÚV), Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbæ í sömu hlutföllum og rekstur hennar er styrktur. Sá hluti sem þjónar almennri tónlistarstarfsemi verði fjármagnaður af Reykjavíkurborg, með eða án þátttöku annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá er gert ráð fyrir að hluti kunni að verða fjármagnaður með frjálsum framlögum.

6.2.1 Hlutdeild Sinfóníuhljómsveitar og annarrar tónlistarstarfsemi

Gert er ráð fyrir því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi forgang að stóra salnum en hann yrði nýttur þannig:

Tafla 24. Nýting á stóra salnum.

	Æfingar	Tónleikar	Alls
Sinfóníuhljómsveitin	200	40	240
Annað tónlistarstarf	79	79	158
	279	134	398

Ekki eru taldir með skólatónleikar sem fara fram á æfingatíma hljómsveitarinnar.

Miðað er við, að vegna forgangs hafi nýting Sinfóníuhljómsveitarinnar tvöfalt vægi á við aðra nýtingu á stóra salnum. Hlutdeild hennar í stóra salnum yrði þá 75,2%.

Hlutdeild Sinfóníuhljómsveitarinnar í húsinu yrði þá:

Sér-rými	:	= 12,7%	197 m.kr.
Stóri salur	:	68,8 x 75,2% = 51,7%	803 “
Alls	:	= 64,4%	1.000 m.kr.

Hlutdeild almennrar tónlistarstarfsemi yrði þá um 550 m.kr. miðað við 1.550 m.kr. heildarkostnað.

6.2.2 Hugmynd 1

Hugmyndin byggir á því að hlutdeild Sinfóníuhljómsveitarinnar sé fjármögnuð af þeim sem standa að rekstri hennar (ríkissjóður taki hluta RÚV), en Reykjavíkurborg fjármagni að öllu leyti þann hluta sem þjónar almennri tónlistarstarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir frjálsum framlögum í þessu tilviki.

Hugmynd 1 að fjármögnun verður þá þannig:

Tafla 25. Hugmynd 1 að fjármögnun

	Ríkis- sjóður m.kr.	Reykja- víkurborg m.kr.	Seltjarnar- nesbær m.kr.	Önnur sveit.fél. m.kr.	Alls m.kr.
Sinfóníuhljómsveit	800	190	10	-	1.000
Önnur tónlistar- starfsemi	-	550	-	-	550
Alls	800	740	10		1.550

6.2.3 Hugmynd 2

Í hugmynd 2 er gert ráð fyrir að frjáls framlög til tónlistarhússins, m.a. frá Samtökum um tónlistarhús, geti numið um 100 m.kr. eða um 6,5% af heildarkostnaði. Framlögin kæmu til lækkunar á hlutdeild Sinfóníuhljómsveitar og annarrar tónlistarstarfsemi. Að öðru leyti eru sömu forsendur og í hugmynd 1.

Kostnaðarskipting yrði þá þannig:

Heildarkostnaður	:	1.550 m.kr.	
Framlög	:	100 “	
	:	1.450 m.kr.	100%
Hlutdeild SÍ	:	935 “	64,5%
Önnur tónlistarstarfsemi	:	515 “	35,5%

Hugmynd 2 að fjármögnun verður þá þannig:

Tafla 26. Hugmynd 2 að fjármögnun

	Ríkis- sjóður m.kr.	Reykja- víkurborg m.kr.	Seltjarnar- nesbær m.kr.	Önnur sveit.fél. m.kr.	Alls m.kr.
Sinfóníuhljómsveit	748	178	9	-	935
Önnur tónlistar- starfsemi	-	515	-	-	515
Alls	748	693	9		1.450

6.2.4 Hugmynd 3

Í hugmynd 3 er gert ráð fyrir frjálsum framlögum eins og í hugmynd 2.

Hugmyndin byggir einnig á því að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fjármagni þann hluta sem þjónar almennri tónlistarstarfsemi, í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags. Þetta nái þó ekki til Kópavogsbæjar, sem fyrirhugar byggingu á tónlistarhúsi er kosta mun um 300 m.kr.

Skipting milli sveitarfélaga miðast við eftirfarandi íbúafjölda:

Reykjavík	:	104.258	74,0%
Hafnarfjörður	:	17.573	12,4%
Garðabær	:	7.801	5,5%
Mosfellsbær	:	4.917	3,5%
Seltjarnarnesbær	:	4.541	3,2%
Bessastaðahreppur	:	1.230	0,9%
Kjalarneshreppur	:	501	0,4%
Kjósarhreppur	:	139	0,1%
Alls	:	140.960	100,0%

Hugmynd 3 að fjármögnun verður þá þannig:

Tafla 27. Hugmynd 3 að fjármögnun.

	Ríkis- sjóður m.kr.	Reykja- víkurborg m.kr.	Seltjarnar- nesbær m.kr.	Önnur sveit.fél. m.kr.	Alls m.kr.
Hlutdeild SÍ	748	178	9	-	935
Önnur tónlistar- starfsemi	-	381	16	118	515
Alls	748	559	25	118	1.450

6.2.5 Samantekt á hugmyndum 1, 2 og 3

Hugmyndir nefndarinnar um fjármögnun á tónlistarhúsi, sem byggt yrði eitt og sér eru:

Tafla 28. Samantekt

	Hugmynd 1 m.kr.	Hugmynd 2 m.kr.	Hugmynd 3 m.kr.
Ríkissjóður	800	748	748
Reykjavíkurborg	740	693	559
Seltjarnarnesbær	10	9	25
Önnur sveitarfél.			118
Frjáls framlög		100	100
Alls	1.550	1.550	1.550

6.3 Tónlistarhús tengt ráðstefnuaðstöðu

Ef tónlistarhúsið yrði tengt ráðstefnuaðstöðu yrði funda- og ráðstefnuhald veigamikill hluti starfseminnar í húsinu og bættist við þá tvíþættu tónlistarstarfsemi sem lýst var í kafla 6.2.

Í ljósi þess er eðlilegt að samtengd ráðstefnumiðstöð, aðilar í ferðapjónustu og opinberir aðilar sem hagsmuni hafa af uppbyggingu ferðapjónustunnar komi að fjármögnun tónlistarhússins. Í eftirfarandi hugmyndum að kostnaðarskiptingu er hlutdeild ráðstefnustarfsemi í tónlistarhúsi skoðuð sem ein heild.

6.3.1 Hlutdeild einstakra þátta í starfseminni

Gera verður ráð fyrir að í langtímaáætlunum um nýtingu hússins fengju ráðstefnur og fundir að jafnaði forgang umfram æfingar í stóra sal hússins enda verði litli salurinn þá tiltækur í staðinn fyrir æfingar Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Áætlað er að nýting á stóra salnum yrði þannig:

Tafla 29. Nýting á stóra salnum

	Æfingar	Tónleikar	Fundir
Sinfóníuhljómsveitin	150	40	
Annað tónlistarstarf	79	79	
Ráðstefnur, fundir			50
Alls	229	119	50

Ekki eru taldir með skólatónleikar sem fara fram á æfingatíma hljómsveitarinnar.

Nýting á litla salnum er áætluð sem hér segir:

Tafla 30. Nýting á litla salnum

	Æfingar	Tónleikar	Fundir
Sinfóníuhljómsveitin	50		
Annað tónlistarstarf	168	168	
Ráðstefnur, fundir			100
Alls	218	168	100

Miðað er við það að tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar og ráðstefnu- og fundahald hafi tvöfalt vægi á við aðra starfsemi, þ.e. æfingar og tónleika annarra en Sinfóníuhljómsveitarinnar. Með þessum forsendum yrði kostnaðarskipting í tónlistarhúsi sem tengt yrði ráðstefnumiðstöð eftirfarandi:

Tafla 31. Kostnaðarskipting

	Stóri salur m.kr.	Litli salur m.kr.	Rými Sí m.kr.	Alls m.kr.
Sinfóníuhljómsveitin	503	24	197	724
Önnur tónlistarstarfsemi	345	164		509
Ráðstefnur og fundir	219	98		317
Alls	1.067	286	197	1.550

6.3.2 Hugmynd 4

Hugmynd 4 er hliðstæð hugmynd 1 hvað varðar fjármögnun á hlutdeild tónlistarstarfsemi.

Tafla 32. Hugmynd 4 að fjármögnun

	Ríkis- sjóður m.kr.	Reykja- víkurborg m.kr.	Seltjarnar- nesbær m.kr.	Önnur sveit.fél. m.kr.	Ráðstefnu- hluti m.kr.
Sinfóníuhljómsveit	579	138	7	-	
Önnur tónlistar- starfsemi		509			
Ráðstefnur og fundir					317
Alls	579	647	7		317

6.3.3 Hugmynd 5

Hugmynd 5 er hliðstæð hugmynd 2 að því leyti að gert ráð fyrir því, að frjáls framlög til tónlistarhússins verði 100 m.kr. og komi það til lækkunar á hlutdeild Sinfóníuhljómsveitar og annarrar tónlistarstarfsemi.

Tafla 33. Hugmynd 5 að fjármögnun

	Ríkis- sjóður m.kr.	Reykja- víkurborg m.kr.	Seltjarnar- nesbær m.kr.	Önnur sveit.fél. m.kr.	Ráðstefnu- hluti m.kr.
Sinfóníuhljómsveit	532	126	7	-	
Önnur tónlistar- starfsemi		468			
Ráðstefnur og fundir					317
Alls	532	594	7		317

6.3.4 Hugmynd 6

Hugmynd 6 er samsvarandi hugmynd 3 og byggir á því að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, önnur en Kópavogur, komi að fjármögnun hússins.

Tafla 34. Hugmynd 6 að fjármögnun

	Ríkis- sjóður m.kr.	Reykja- víkurborg m.kr.	Seltjarnar- nesbær m.kr.	Önnur sveit.fél. m.kr.	Ráðstefnu- hluti m.kr.
Sinfóníuhljómsveit	532	126	7	-	
Önnur tónlistar- starfsemi		346	15	107	
Ráðstefnur og fundir					317
Alls	532	472	22	107	317

6.3.5 Samantekt á hugmyndum 4, 5 og 6

Nefndin leggur fram þrjár hugmyndir um fjármögnun tónlistarhúss sem tengt yrði ráðstefnumiðstöð.

Tafla 35. Samantekt

	Hugmynd 4 m.kr.	Hugmynd 5 m.kr.	Hugmynd 6 m.kr.
Ríkissjóður	579	532	532
Reykjavíkurborg	647	594	472
Seltjarnarnesbær	7	7	22
Önnur sveitarfél.			107
Ráðstefnuhluti	317	317	317
Frjáls framlög		100	100
Alls	1.550	1.550	1.550

6.4 Niðurstöður

Til að uppfylla þær kröfur sem gerð er grein fyrir í kafla 4 er talið að tónlistarhúsið þurfi að vera 8.000 - 8.500 m² að stærð. Heildarkostnaður tónlistarhússins er að lágmarki áætlaður 1.550 m.kr.

Þegar stærð og kostnaður tónlistarhússins er áætlaður er m.a. tekið mið af hugmyndum sem fram koma í hönnun Guðmundar Jónssonar arkitekts með uppdráttum frá 1988 en það verk var unnið fyrir Samtök um tónlistarhús.

Nefndin leggur fram nokkrar hugmyndir að fjármögnun, sem byggja á því að fjármögnun tónlistarhússins taki mið af áætlaðri nýtingu þess. Hlutdeild einstakra þátta í starfseminni er áætluð sem hér segir:

Tafla 36. Kostnaðarskipting

	Tónlistarhús eitt og sér m.kr.	Tónlistarhús tengt ráðstefnumiðstöð m.kr.
Sinfóníuhljómsveitin	1.000	724
Almenn tónlistarstarfsemi	550	509
Ráðstefnuhluti	-	317
Alls	1.550	1.550

Gert er ráð fyrir því að fjármögnun tónlistarhússins hvíli að langmestu leyti á ríki og Reykjavíkurborg.

Samkvæmt hugmyndum nefndarinnar yrði hlutur ríkisins á bilinu 48 - 52% en hlutur Reykjavíkurborgar 36 - 48% ef tónlistarhúsið yrði byggt eitt og sér. Þátttaka ráðstefnumiðstöðvar gæti lækkað hlut ríkis og Reykjavíkurborgar umtalsvert.

7. Hvernig á að haga rekstri tónlistarhússins?

Auk þeirra verkefna sem tilgreind voru í upphaflegu skipunarbréfi nefndar um tónlistarhús, óskaði menntamálaráðherra eftir því, að nefndin fjallaði um rekstur hússins svo sem rekstrarskilyrði og rekstrarform. Er gerð grein fyrir þessum þáttum í eftirfarandi kafla.

7.1 Rekstrarskilyrði

VSÓ Ráðgjöf gerði áætlun um rekstrarskilyrði tónlistarhússins. Áætlunin gerir ráð fyrir tveimur möguleikum. Annarsvegar að tónlistarhúsið verði byggt eitt og sér og hinsvegar að það verði tengt ráðstefnuaðstöðu og ráðstefnu- og fundahald verði þannig veigamikill þáttur á starfseminni.

7.1.1 Starfsemi í tónlistarhúsi

Varðandi starfsemi í húsinu er vísað til kafla 3 en í meginatriðum er gert ráð fyrir eftirtöldum tekjugefandi þáttum:

Tafla 37. Starfsemi í tónlistarhúsi

	Fjöldi í stóra sal	Fjöldi viðburða í litla sal
Sinfóníuhljómsveitin:		
Almennir tónleikar	40	
Skólatónleikar	15	
Æfingar	150	50
Önnur tónlistarstarfsemi:		
Tónleikar	79	168
Æfingar v/tónleika	79	168
Ráðstefnur og fundir:		
Tengt ráðst.aðstöðu	50	100
Rekið eitt og sér	10	

Þá hefur Sinfóníuhljómsveitin til einkaafnota húsnæði, annarsvegar skrifstofu 280 m² og hinsvegar annað rými fyrir tónlistarfolk 880 m² eða samtals 1.160 m² sem leiga yrði greidd fyrir.

7.1.2 Tekjugrundvöllur

Áætlað leigugjald er byggt á upplýsingum um sali á höfuðborgarsvæðinu. Leigugjald er áætlað eftirfarandi:

Tafla 38. Leigugjald

	Stór salur	Lítill salur
Almennir tónleikar	180.000	40.000
Skólatónleikar	90.000	-
Ráðstefnur og fundir	270.000	60.000
Leiguverð Sinfóníuhúsnæðis	850 kr./m ²	

Leiguverð Sinfóníuhljómsveitar innfelur hita- og rafmagn og þrif húsnæðis.

Gert er ráð fyrir því að tónlistarhúsið hafi tekjur af sölu létttra veitinga, m.a. léttvins og bjórs.

7.1.3 Útgjöld

Gert er ráð fyrir þremur föstum starfsmönnum í húsinu. Gert er ráð fyrir því að dyraverðir, starfsmenn í sal og starfsmenn í veitingasölu séu lausráðnir og ræsting á hendi verktaka.

Orkukostnaður hefur verið áætlaður út frá eðli og umfangi starfseminnar og með hliðsjón af reynslutölum.

Viðhaldskostnaður er áætlaður 1% af húsnæði og 3% af búnaði.

Fasteignagjöld eru mjög stór hluti rekstrargjalda. Almennt ríkir óvissa um fasteignamat svo sérhæfðra bygginga sem tónlistarhúsa. Hér er gert ráð fyrir því að fasteignamat verði um 1.000 m.kr.

7.1.4 Rekstraráætlun

Rekstrartekjur hússins eru áætlaðar um 76 m.kr. á ári. Eins og eftirfarandi áætlun sýnir nægja þær tekjur til að standa undir rekstrargjöldum án afskrifta og fjármagnsgjalda.

Samkvæmt rekstraráætlun mun um 1/4 af tekjum hússins koma frá ráðstefnu- og fundahaldi og er það til marks um það hve þýðingarmikil sú starfsemi er fyrir reksturinn.

Tafla 39. Rekstraráætlun

	Tónlistarhús eitt og sér	Tónlistarhús tengt ráðst.aðstöðu.
Rekstrartekjur		
Stór salur tónleikar	14.220.000	14.220.000
Lítill salur tónleikar	6.720.000	6.720.000
Sinfóníuhljómsveitin	20.382.000	20.382.000
Veitingasala	15.524.180	15.524.180
Önnur útleiga	2.700.000	19.500.000
Samtals	59.546.180	76.346.180
Rekstrargjöld		
Laun fastráðinna og lausráðinna starfsmanna	13.258.781	13.258.781
Rafmagn, hiti, vatn og ræstingar	20.891.000	20.891.000
Viðhald húsnæðis og tækjabúnaðar	15.380.000	15.380.000
Fasteignagjöld	18.150.000	18.150.000
Brunatengd gjöld, tryggingar, vaktþjónusta, o.fl.	7.523.200	7.523.200
Samtals	75.202.981	75.202.981
Hagnaður/(tap) fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	(15.656.801)	1.143.199

Ein og sjá má er gert ráð fyrir að rekstrargjöld séu óbreytt þrátt fyrir aukin umsvif vegna funda- og ráðstefnahalda, en gert er ráð fyrir að leigutaki standi standi skil á breytilegum kostnaði t.d. vegna þrifa o.fl.

7.2 Rekstrarform

Nefndin hefur rætt nokkra möguleika varðandi rekstrarform tónlistarhúss.

7.2.1 Stofnað verði sérstakt rekstrarfélag

Til álita kemur að fjármögnunaraðilar stofni sérstakt rekstrarfélag, sem annist rekstur tónlistarhússins.

7.2.2 Rekstur verði falinn tilteknum notenda

Tvö þeirra tónlistarhúsa sem nefndin hefur kynnt sér eru rekin af stórum notanda viðkomandi húss. Annarsvegar má nefna húsið í Kuopio, sem rekið er af símfóníuhljómsveitinni þar og hinsvegar húsið í Odense sem rekið er af ráðstefnumiðstöð (hóteli).

Nefndin hefur ekki haft aðstöðu til að kynna sér til hlítar hvernig þessi rekstrarform hafa gefist. Það virðist þó ekki valda símfóníuhljómsveitinni í Odense vanda þó að ráðstefnumiðstöðin annist reksturinn enda ætti að vera unnt að tryggja aðstöðu hljómsveitarinnar með samningi.

7.2.3 Rekstur verði boðinn út

Til álita hlýtur að koma að bjóða rekstur tónlistarhússins út, í opnu eða lokuðu útboði. Notendur hljóta þá að koma sterklega til álita sem tilboðsgjafar. Í útboði þarf að tryggja hagsmuni væntanlegra notenda.

7.3 Niðurstöður

Ekki er grundvöllur fyrir því að tónlistarhúsið standi undir fjármagnsgjöldum.

Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart þegar tekið er mið af tónlistarhúsum í nágrannalöndunum. Þau eru að jafnaði fjármögnuð af sveitarfélögum og ríki og standa ekki með beinum hætti undir fjármagnsgjöldum.

Áætlanir benda til þess að tónlistarhús tengt ráðstefnuaðstöðu geti skilað nokkrum hagnaði án afskrifta og fjármagnsgjalda. Tap yrði hinsvegar 15,7 m.kr. eða rúmlega 20% af rekstrargjöldum á ári ef tónlistarhús yrði byggt eitt og sér og nyti aðeins óverulegra tekna frá ráðstefnu- og fundahaldi.

Rekstrarkostnaður tónlistarhúss er áætlaður um 75 m.kr. á ári. Ef tónlistarhús er byggt eitt og sér eru rekstrartekjur áætlaðar um 60 m.kr. en 76 m.kr. ef húsið yrði tengt ráðstefnumiðstöð. Nýting hússins til ráðstefnu og fundahalda er því afar mikilvæg fyrir reksturinn.

Nefndin telur það álitlegan kost að bjóða út rekstur hússins.

Í útboði þarf að tryggja hagsmuni væntanlegra notenda ekki síst Símfóníuhljómsveitarinnar. Notendur hljóta að koma sterklega til álita sem tilboðsgjafar.